ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistasamtakanna marxista-leninista. 7. tbl. 5. árg. 1976.

70 kr.

55 NÝIR ÁSKRIFENDUR FRÁ ÁRAMÓTUM

STOFNUM KOMMÚNISTA-FLOKK ÍSLANDS

Á næstkomandi páskum verður haldið í Reykjavík II. þing KSML. Fyrir þinginu liggur tillaga frá miðstjórn KSML um að þetta þing verði jafnframt stofnþing Kommúnistaflokks Íslands/m-l. Það verður undir mati þingsins komið, hvort af þessari flokksstofnun verður, þ.e. hvort það telji þær aðstæður fyrir hendi sem gera flokksstofnunina mögulega. Allir kommúnistar eru sammála um, að það sé knýjandi nauðsyn á því að flokkurinn verði stofnaður og því hóf miðstjórn KSML beinan undirbúning að þessari flokksstofnun á síðastliðnu ári.

Það eru nú liðin 45 ár frá því að Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður - og rúm 37 ár frá því að hann var lagður niður. Sú reynsla sem hlaust af stuttu æviskeiði KFÍ sannaði ótvírætt hvílík nauðsyn það er verkalýðnum að eiga sér vísvitaða forystusveit sem eingöngu tekur mið af hagsmunum öreigastéttarinnar. KFÍ var stofnaður á tímabili harðrar stéttabaráttu og fékk sína eldskírn strax í upphafi. En flokkurinn varð ekki langlífur, borgaraleg umbótastefna, sem nú hefur hlotið sitt hásæti í Alþýðubandalaginu varð ofan á í flokknum og því var hann lagður niður.

Nú hefur sú stefna verið ríkjandi í tæp fjörutíu ár innan íslenskrar verkalýðshreyfingar, og afleiðingarnar hafa komið skýrt í ljós hvað eftir annað. Verkalýðurinn er sundraður og borgaraleg hugmyndafræði ríkjandi, kjarabaráttan er háð undir forystu manna sem svikið hafa verkalýðsstéttina og selt sig auðvaldinu.

Sósíalistaflokkurinn, og síðar Alþýðubandalagið, hafa lotið forystu manna sem hafa helgað sig vexti og viðgangi auðvaldsþjóðfélagsins. Í gegnum margs konar sambræðslur við metorðastritara annarra flokka hafa þeir reynt að tryggja aðstöðu sína í ríkisvaldi borgarastéttarinnar og þingstóla sína. Þessi barátta er nú hið eina markmið sem þeir hafa. Þótt þeir kenni sig við marxismann og segist hafa sósíalismann sem markmið, þá hafa þeir fyrir löngu yfirgefið allt það sem marxisminn byggir á og sósíalismi þeirra er borgaralegur sósíalismi sem er aðlagaður hugmyndafræði borgarastéttarinnar.

Án skipulagðrar, vísvitaðrar forystu getur öreigastéttin ekki

Framhald á bls. 6

ÁSKRIFTAHERFERÐIN - baksíða

BÆNDUM OG VERKALÝÐ ATT SAMAN bls. 6

HVER HEFUR SIGRAÐ Í ANGÓLA ? bls. 5

VIÐTAL VIÐ GAMLAN BARÁTTUMANN bls. 4

STÉTTABARÁTTAN SEM VIKUBLAÐ bls. 2


FYLKINGIN Í ÞJÓNUSTU KRATANNA baksíða

„Kauphækkun" ASÍ-forystunnar

Einskisvirði

Sú kjarabarátta sem háð hefur verið að undanförnu hefur nú beðið algert skipbrot. Nýjar hækkanir á vöru og þjónustu hafa að fullu tekið aftur þær launahækkanir sem fengust í mars síðastliðnum. Árangurinn af hálfsmánaðar allsherjarverkfalli er orðinn að engu vegna síðustu verðhækkana, t.d. 10-20% hækkunar á búvöru og öðrum nauðsynjavörum. Hitaveitugjöld hafa verið hækkuð um 27% í Rvík og það sama er að segja um rafmagn, síma og aðra nauðsynlega þjónustu. Allar þessar hækkanir eru gerðar á lífsnauðsynjum sem fólk getur ekki verið án, og koma því harðast niður á þeim lægst launuðu, auk gamalmenna, öryrkja og fátæks skólafólks. Verðhækkanaskriðunni sem nú hefur verið hleypt af stað, eftir að búið er að binda verkalýðsfélögin með samningum í meira en ár, er því fyrst og fremst beint gegn verkafólki og lífsafkomu þess sem jafnframt þýðir vægðarlausa skerðingu á kjörum hópa sem búa við ótrygga lífsafkomu. Þannig er staðan í kjarabaráttu verkalýðsins, samningar verkalýðsfélaganna bundnir, launin standa nær alveg í stað í eitt ár, kaupmáttur fer á-

Framhald á bls. 6



Þessi mynd er tekin í veislu hjá Félagi íslenskra iðnrekenda. Þetta fólk þarf ekki að minnka við sig neysluna, þótt stórfelld kjararýrnun verði hjá verkafólki.

Hálfsmánaðarblaðið

Frá og með 6. tbl. kemur Stéttabaráttan út tvisvar í mánuði. Það eru sérstakar ástæður sem gera það nauðsynlegt að hefja nú þegar útgáfu hálfsmánaðarblaðsins, þó svo að öllum undirbúningi þar að lútandi sé ekki lokið. Fyrst og fremst er það II. þing KSML sem krefst þessa og ennfremur er það undirbúningur 1. maí sem skapa þessar sérstöku aðstæður. Vegna þessa verða allir dreifingaraðilar og sölumenn blaðsins að herða sig við útbreiðsluna. Annars er hætt við að blaðið bíði fjárhagslegt tjón af þessu "forskoti á sæluna". Herðið starfið við undirbúning hálfsmánaðarblaðsins - safnið áskrifendum, aukið götusöluna og söluna á vinnustöðvunum.

-/ritstj.



7.tbl.5.árg.1976
8.apríl.

Útg.: Kommúnistasamtökin m-l. STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega. Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík. Sími: 27810. Gíró: 27810. Ábm.: Sig. I. Andrésson.

Stofnun Kommúnistaflokks

Í þessum mánuði verður Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður - íslensk verkalýðsstétt mun þar með aftur eignast skipulagða og meðvitaða brjóstfylkingu í stéttabaráttu sinni. Undirbúningurinn fyrir stofnun flokksins hófst raunverulega þegar íslenskir marxistar-lenínistar skipulögðu sig í KSML árið 1972. Þrátt fyrir marghattuð mistök, tókst þessum frumherjum marxísku-lenínísku hreyfingarinnar í dag að reisa aftur fána verkalýðsbyltingarinnar og þeir glötuðu aldrei tryggð sinni við grundvallaratriði marxismans -lenínismans - kenninga Maó Tse-tung. Flokksstofnunin er árangur af þrotlausri og óvæginni baráttu gegn endurskoðunarstefnunni í Alþýðubandalaginu sem og innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar sjálfrar. Jafnframt baráttu gegn og aðskilnaði frá endurskoðunarstefnunni, fólst undirbúningurinn í baráttu fyrir sameiningu íslenskra marxista-lenínista. Í rauninni, fólst undirbúningur flokksstofnunarinnar í þrem meginatriðum. 1. Að grundvalla allt starf og stefnu á fræðum marxismans-lenínismans-kenninga Maó Tse-tung og heyja fræðilega baráttu gegn endurskoðunarstefnu, hægri og vinstri hentistefnu og trotskisma. 2. Að beita aðferð gagnrýni og sjálfsgagnrýni í starfinu og tengjast verkalýðsfjöldanum í baráttu hans undir vígorðinu: "Með fjöldanum fyrir fjöldann." Og 3. að skapa náin tengsl starfs og fræða og efla hinn leníníska starfsstíl félaganna.

En sundrungin innan marxísku-lenínísku hreyfingarinnar er samt sem áður staðreynd. Forvígismenn EIK(m-l) hafa reynst ófúsir til samstarfs um stofnun Kommúnistaflokksins og borið við ýmsum afsökunum. Í reynd ræðst framtíð þessara samtaka af afstöðu þeirra til flokksins. Þegar Kommúnistaflokkurinn hefur verið stofnaður, hefur grundvellinum að tilveru EIK(m-l) verið svipt burtu, áframhaldandi tilvera þeirra eftir flokksstofnun er andstæð hagsmunum verkalýðsins og andstæð sósíalísku byltingunni. Félagar EIK(m-l) verða að leggja samtök sín niður og ganga í flokkinn - allt annað er skemmdarverkastarfsemi og röng afstaða.

Til þeirra fjölmörgu byltingarsinna sem standa í dag utan KSML og ekki munu taka þátt í stofnþinginu, beinum við þessari áskorun: Slítið tengslin endanlega við endurskoðunarstefnuna og óvirknina, gangið til starfs í framverði íslenskrar verkalýðsstéttar - Kommúnistaflokknum.

6/4

Nú hefur letur STÉTTABARÁTTUNNAR verið stækkað. Oft hafa lesendur kvartað undan því hversu smátt letur er í blaðinu. Þar til núna hefur letrið verið heldur minna en venjulegt dagblaðaletur. Nú stækkum við letrið um 10% og er það von okkar að lesendum líki sú breyting, sem er gerð með hliðsjón af því að útgáfutíðnin eykst og fleiri síður eru til ráðstöfunar í hverjum mánuði.

Vel á minnst - blaðið er vélritað. Og sú vél sem hingað til hefur þjónað okkur dyggilega er ekki eilíf. Og þar sem blaðið kemur oftar þá verður að auka afköstin við vélritunina. Það þýðir að kaupa verður nýja ritvél. Og á þeim vígstöðvum er ekkert gefið - ný ritvél kostar um 260,000 kr.

Kínversk tímarit

CHINA RECONSTRUCTS
Tímaritið kemur út mánaðarlega og fjallar um alla þætti kínversks þjóðlífs, sögu og menningar. Tímaritið er gefið út á ensku, frönsku, spænsku og fleiri málum.

CHINA PICTORIAL
Myndskreytt mánaðarrit með smátextum um ýmis efni úr kínversku þjóðlífi. Kemur út á ensku, frönsku, sænsku og fleiri málum.

CHINESE LITERATURE
Mánaðarrit með þýðingum á smásögum, ljóðum og greinum um bókmenntir og listir. Einnig birtast í ritinu þættir um fornleifafræði.

PEKING REVIEW
Tímaritið fjallar um kínversk málefni og alþjóðamál og túlkar skoðanir stjórnvalda í Peking. Það kemur út vikulega.

CHINA´S FOREIGN TRADE
Tímarit um kínverskan iðnað og verslun. Gefið út ársfjórðungslega.

EL POPOLO CHINIO
Tímarit um ýmsa þætti kínversks þjóðlífs, gefið út mánaðarlega á Esperanto.

Verð tímaritanna er frá 300 kr. fyrir hvert ár til 720 kr, fyrir þriggja ára áskrift. Þau hjálpa mönnum til aukins skilnings á nýrri menningu kínversku þjóðarinnar. Áskriftasöfnun annast:

Arnþór Helgason, Fornhaga 11, Reykjavík. Sími: 12943.

Hvernig kemstu í samband við KSML

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357, Rvík, einnig í síma 27810
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650, Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML c/o Peter Ridgwell, Miðhúsum.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt Stéttabaráttuna?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut. Einnig fæst blaðið nú í mörgum söluturnum.
Suðurnes: Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.
Laugarvatn: Arnór Sighvatsson, Menntaskólanum.

VESTURLAND:
Hellissandur: Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

NORÐURLAND:
Akureyri: Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturninn við Aðalgötu.
Húsavík: Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.

AUSTURLAND
Borgarfjörður eystri: Guðrún Steingrímsdóttir.
Neskaupstaður: Peter Ridgwell, Miðhúsum.
Eiðar: Stefán Jóhannsson.

Íslenskir námsmenn erlendis.

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Bergen: Guðmundur Sæmundsson, A - 226 Fantoft Studentby, 5036 Fantoft.
Oslo: Katrín H. Andrésdóttir, Sogn Studentby 1310, Oslo 8.

SVÍÞJÓÐ:
Stokkhólmur: Magnús Sæmundsson, Sandstenvägen 89, 135 51 Handen.
Lundur: Jón Rúnar Sveinsson, Kämnärsvägen 5 D: 218 222 46 Lund.

DANMÖRK:
Århus: Magnús Þorgrímsson, Börglum Kollegiet v 444, Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

RUKKUN

Félagar, áskrifendur. Þótt ótrúlegt sé þá eiga enn nokkrir áskrifendur eftir að greiða fyrir árið 1975. Það liggur í augum uppi að slíkt gengur ekki til langframa. Bregðist því vel við á næstunni þegar rukkarar blaðsins banka uppá hjá ykkur. Allir áskrifendur verða bráðlega rukkaðir fyrir fyrrihluta 1976 - því blaðið þarf fé til að koma vikublaðinu á laggirnar.

Um vikublaðið



Lenín sagði að til þess að byggja upp samtök verkalýðsins þyrfti blað "sem ber það heiti með réttu, þ.e. kemur reglulega út, ekki einu sinni í mánuði eins og tímarit, heldur minnst fjórum sinnum í mánuði."

Stéttabaráttan byrjaði feril sinn með því að koma óreglulega út á 2. - . mánaða fresti. Síðan hefur tekist að gera blaðið að reglulegu mánaðarblaði. En þar við má ekki sitja ef Stéttabaráttan á að bera nafn með réttu. Nú er komið að þeim tímamótum að Stéttabaráttan hættir að koma út sem tímarit og byrjar að koma oftar - fyrst hálfsmánaðarlega og síðan í hverri viku. Þessi breyting verður að eiga sér stað á þessu ári - enda eru öll skilyrði óðum að skapast sem gerir okkur kleift að stíga þetta mikilvæga skref.

Allir lesendur Stb. þekkja þau vandamál sem hrjá útgáfu mánaðarblaðsins. Þess konar blað er alveg ófært til þess að taka virkan þátt í þeirri baráttu sem á sér stað víða í þjóðfélaginu. Hlutverk þess verður oftast að vera að fjalla um hlutina eftirá, reyna að draga saman það sem gerðist og leggja mat á. En með vikublaði er hægt að koma inn í sjálfa baráttuna - vera hluti hennar og taka að sér leiðsögn og skipulagningu. Með vikublaðinu er hægt að fjalla oft um sömu málefni og draga saman reynslu jafnóðum - mánaðarblaðið hefur mjög takmarkað rúm til þess og getur því sjaldan veitt leiðsögn þegar baráttan stendur.

Vikublaðið gerir t.d. þeim félögum sem taka þátt í verkfalli kleift að fjalla svo til strax um þau vandamál sem við blasa. Þannig geta þeir haft bein áhrif á gang baráttunnar.

Vikublaðið gerir Stéttabaráttunni kleift að taka þátt í baráttu fjöldans á allt annan hátt en mánaðarblaðið. Sem sameiginlegur skipuleggjandi fyrir margs konar baráttu tekur vikublaðið þátt í að byggja upp fjöldahreyfingar til baráttu í

Framhald á baksíðu

Til lesenda

Lesendur Stéttabaráttunnar eru enn sem komið er ekki stór hluti af þjóðinni. En þessi hluti gegnir mikilvægu hlutverki í dag - því það eru lesendur blaðsins sem gera það kleift að halda blaðinu úti. Og mikilvægi Stéttabaráttunnar eykst með hverjum deginum því að framundan er hert barátta verkalýðsins og allrar vinnandi alþýðu fyrir bættum kjörum - og þegar lengra er litið; fyrir þjóðfélagsvöldum.

Eins og margsagt hefur verið í dálkum þessa blaðs ætlum við að auka útgáfutíðnina - fyrst í stað verður blaðið hálfsmánaðarblað en um leið og við byrjum útgáfu hálfsmánaðarlega þá setjum við stefnuna á vikublað. Ef áætlanir miðstjórnar KSML og ritnefndar Stéttabaráttunnar ná fram að ganga þá eignumst við vikublað seinni hluta þessa árs. En áætlanirnar byggjast á því að þið, lesendur blaðsins, takið virkan þátt í starfinu fyrir blaðið.

Þið verðið að líta á blaðið sem sameiginlegt baráttutæki allra þeirra sem vilja berjast fyrir sósíalísku Íslandi - þess vegna verðið þið að skrifa í blaðið - þess vegna verðið þið að safna áskrifendum - þess vegna verðið þið sem eruð áskrifendum að greiða skilvíslega gjöld ykkar - og þess vegna verðið þið sem þessar línur lesið og eru ekki enn orðnir áskrifendur (þið eruð rúmlega helmingur lesenda blaðsins) að gerast áskrifendur sem fyrst.

Gírónúmerið er 27810.

-/ritstj.

230 000

Nýlega tóku nokkrir félagar í Dagsbrúnarsellu KSML sig til og hófu fjársöfnun til styrktar Stéttabaráttunni. Þeir áttu sjálfir frumkvæðið að söfnuninni og störfuðu að verkinu eina helgi. Aðferðin sem þeir beittu var sú að heimsækja velunnara blaðsins og skora á þá að leggja fé í útgáfusjóð blaðsins. Árangurinn varð geysigóður - á tveim dögum tókst þeim að safna 230.000,- kr. Þetta fé hefur nú þegar verið nýtt í þágu blaðsins - en bráðlega mun ritstjórn hleypa af stokkunum sérstakri fjársöfnun þar sem takmarkið verður 500.000,- kr. Fordæmi Dagsbrúnarsellunnar er gott vegarnesti fyrir aðra stuðningsmenn Stéttabaráttunnar.

Verkalýðsstéttin verður að eiga sér málgagn sem ekki er kostað af ríkinu, eins og t.d. Þjóðviljinn. Málgagn verkalýðsstéttarinnar verður að vera óháð ríkisvaldi borgarastéttarinnar - það getur eingöngu verið háð verkalýð og vinnandi alþýðu.


-/ritstj.

Bókagerðarmenn í eitt félag

Nú þessa mánuðina standa yfir viðræður milli fagfélaga allra bókagerðarmanna, en þau helstu eru Hið íslenska prentarafélag, Grafíska sveinafélagið, Bókbindarafélagið og fleiri. Það hefur ótvírætt komið í ljós í stéttaátökum liðinna ára að þörfin á einu sameiginlegu fagfélagi bókagerðarmanna er brýn.

Hér áður fyrr var prentlistin það einhæf að tækni, að einungis var um að ræða tvenns konar hópa meðal prentara; setjara og pressumenn. En eftir því sem prenttækninni fleygði áfram komu til sögunnar nýir hópar og ný fagfélög sem hafa verið stofnuð utan um menn með sérmenntun innan fagsins. Má þar helst nefna að með tilkomu offset tækninnar hafa komið til aragrúi af alls kyns hópum með ákveðna sérmenntun.

En nú er sem sé þannig komið að þessir hópar hafa séð nauðsyn þess að sameinast í eitt fagfélag til að styrkja stöðu sína og koma í veg fyrir hvers kyns ósamstöðu. Stofnuð hefur verið sérstök sameiningarnefnd með fulltrúum frá öllum bókagerðarfélögunum.


Frá gömlu dögunum. Mynd úr prentsmiðju tekin 1931.

Fyrirhugað er að þetta væntanlega félag bókagerðarmanna gefi út sameiginlegt málgagn, en hingað til hefur Hið íslenska prentarafélag gefið út Prentarann eitt sér. Þykir mörgum líklegt að Prentarinn verði málgagn hins nýja fagfélags, þar sem það blað á sér mikla og litríka sögu.

Eitt félag er þó ekki með í þessari sameiningu, það er Félag bókagerðarnema. Er það vegna úreltrar löggjafar þess efnis að iðnnemar hafi ekki full réttindi innan fagfélaganna.

-/GM

STRAUMSVÍK
Kjaraskerðingarsamningar

Um síðustu mánamót voru samþykktir á félagsfundum hlutaðeigandi verkalýðsfélaga nýgerðir kjarasamningar við Íslenska Álfélagið. Samningar þessir taka mið af samningunum á alm vinnumarkaðinum, en hækkanirnar koma mánuði fyrr og að auki kemur 4% launahækkun frá 1. feb. ´76. Samningarnir voru samþykktir með talsverðum meirihluta, þó munurinn væri minni en gerðist á alm. vinnumarkaði. Ófaglærðir verkamenn samþykktu með 152 atkvæðum gegn 61, járniðnaðarmenn með 48 atkv. gegn 24, rafvirkjar með 15 atkv. gegn 5 o.s.frv.

Kjarasamningarnir fela í sér kjaraskerðingu.

Baráttuhópur verkamanna í Straumsvík gaf út Straumsvíkurverkamann rétt fyrir umrædda félagsfundi og hvatti til þess, að samningarnir yrðu felldir, fyrst og fremst á þeim forsendum, að 10% launahækkun nú vegi lítt sem ekkert á móti nýafstöðnum verðhækkunum og að rauða strikið svonefnda kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí og eftir að verðhækkanirnar hefðu náð ákveðnu marki. Þar að auki hafi komið í ljós, að ASÍ hefði verið beitt svikum við síðustu samninga, því eins og segir í ályktun frá miðstjórn ASÍ:

"Miðstjórnin bendir á að aðeins lítill hluti þessara verðhækkana á rætur að rekja til nýlega gerðra kjarasamninga, heldur til þess, að ríkisstjórnin hefur horfið frá nauðsynlegu aðhaldi í verðlagsmálum jafnskjótt og kjarasamningar höfðu tekizt.

Ennfremur telur hún stórlega vítavert að verðhækkanirnar eru yfirleitt miklum mun meiri en spár Þjóðhagstofnunar og Hagstofu Íslands gerðu ráð fyrir meðan kjarasamningar stóðu yfir, en þær spár voru að verulegu leyti forsenda samninganna."
(Mbl. 26/3 ´76)

Það hefur sem sagt komið í ljós, að ASÍ-forystan hefur verið beitt svikum meðan samningaviðræðurnar stóðu yfir, sem kannski kemur engum á óvart nema þeim sjálfum. Á þetta atriði benti Baráttuhópurinn í málflutningi sínum fyrir og á félagsfundunum, eða eins og segir í Straumsvíkurverkamanninum:

"Að samþykkja þessa samninga myndi því þýða sama og það að kalla yfir sig áframhaldandi kjaraskerðingu og hefur hún þó verið mikil fyrir. Í rauninni er það svo, að það er búið að taka af okkur meira en það sem við fáum bætt við næstu útborgun, verði samkomulagið samþykkt. Þetta ætti að vera næg ástæða þess að fella þetta samkomulag."

Til að leggja frekari áherslu á þetta atriði, lagði Baráttuhópurinn fram ályktun fyrir fundinn, sem Hlíf hélt með ófaglærðum verkamönnum, og var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Ályktunin er birt í heild sinni til hliðar.

Aðrir þættir samkomulagsins.

Þó ekki næðust fram að ganga ýmsar þýðingarmiklar sameiginlegar kröfur allra deilda álversins, verður þó að telja töluverðan árangur í baráttunni fyrir tryggu atvinnuöryggi á staðnum, að uppsögn þriggja eldri starfsmanna (sem áður hefur verið minnst á í Stéttabaráttunni) var dregin til baka. Í því sambandi var lögð fram ályktun, er fundurinn samþykkti og er hún birt hér til hliðar.

Töluverð óánægja var meðal ýmissa deilda álversins, þar sem sérkröfum þeirra hafði verið hafnað að mestu leyti. Þetta átti t.a.m. við um flutningadeild, skautsmiðju og dagvinnumenn í kerskála, enda greiddu þessir hópar yfirleitt atkvæði gegn samkomulaginu. Þar sýndi sig samstöðuleysið meðal verkamanna á svo stórum vinnustað, því undir eðlilegum kringumstæðum hefðu aðrar deildir átt að styðja við bakið á þeim sem hlunnfarnar voru í þessum samningum.



Að fá meira á kostnað hinna.

Sá hugsunarháttur er fyrir hendi meðal starfsmanna álverksmiðjunnar, sem verkalýðsforystan hefur kynt undir, að það borgi sig að vera á eftir

Frh. á bls. 7-

Félag iðnnema á Akureyri

Félag iðnnema á Akureyri hefur starfað mjög vel síðasta ár og það sem af er þessu. Í fyrsta sinn er nú reynt markvisst að fá iðnnema á Akureyri til að taka þátt í störfum félagsins og hafa verið farnar margar ólíkar leiðir til að reyna að ná því marki. Til dæmis hefur félagið gefið út lítið fjölritað blað sem ætlað er til að fá iðnnema til að hugsa meir um kjör sín og fá þá til að taka þátt í stéttabaráttunni af fullum krafti. Blaðið hefur verið gefið út þegar ástæður gefast, um samninga og þess háttar. Nýlega var svo gefinn út lítill bæklingur sem heitir "Hvað er iðnnemafélag?" Skiptist hann í þrjá kafla; "Til hvers iðnnemafélag, Réttur iðnnema, og Félag iðnnema á Akureyri."

Og til að kynnast þessu dálítið nánar og athuga hvað stendur í bæklingnum, grípum við niður í kaflann "Til hvers iðnnemafélag?":


"Iðnnemafélögin eru og hafa verið veikburða hvað varðar átök um rétt og kjör iðnnema. En hvað getum við gert þegar samtökum verkafólks hrakar stöðugt vegna þess að í forystu þeirra er ekki lengur óbreytt alþýðufólk, heldur hálaunaður verkalýðsaðall. Við iðnnemar verðum að snúa þessari öfugþróun við og gera samtök okkar að öflugu baráttutæki, sem er drífandi í kjarabaráttunni og almennu félagsstarfi.

Iðnnemar verða að laga sig að þeirri staðreynd að markmiðum okkar náum við ekki, nema til komi starfandi fjöldi í lifandi félagi."

Útgáfa þessa bæklings er gott fordæmi fyrir önnur verkalýðsfélög um að reyna að nálgast meira fjöldann í félaginu og kynna honum það.

-/GM





Álykun Hlífarfundarins

Baráttuhópur verkamanna í Straumsvík lagði fram eftirfarandi ályktanir á fundum Verkamannafélagsins Hlífar með verkamönnum í áliðjuverinu og samþykktar voru með öllum greiddum atkvæðum:

"Fundur Verkamannafélagsins Hlífar, haldinn 31.3 ´76 með verkamönnum í Straumsvík mótmælir harðlega þeirri miklu kjaraskerðingu sem að undanförnu hefur verið framkvæmd með stórlegum verðhækkunum á brýnustu nauðsynjavörum og opinberri þjónustu. Fundurinn álítur að nýafstaðnir samningar verkalýðsfélaganna vegi ekki á móti þessum verðhækkunum og bendir á, að í raun feli þeir í sér kjaraskerðingu."

"Fundur Verkamannafélagsins Hlífar, haldinn 31.3. ´76 með verkamönnum í Straumsvík fagnar því, að uppsögn þriggja eldri starfsmanna hjá Ísal skuli dregin til baka en krefst þess jafnframt að fullt atvinnuöryggi sé tryggt, þannig að ekki komi til uppsagnar annarra starfsmanna álversins."

Félag leirkerasmiða: Barátta fyrir viðurkenningu

Nýlega stofnuðu leirkerasmiðir með sér fagfélag, Félag íslenskra leirkerasmiða. Leirkerasmíði hefur verið kennd í Iðnskólanum um áraraðir, og allt frá um 1950 verið vernduð sem iðn af iðnfræðslulögunum. Ástæða þess að leirkerasmiðir sameinast nú í fagfélag er sú, að ófaglærðu fólki sem iðkar leirkerasmíði hefur fjölgað gífurlega undanfarið, og nú stefnir í það að kippt sé grundvellinum undan því að leirkerasmiðir geti iðkað fag sitt sér til lífsviðurværis. Leirkerasmiðir hafa einkum mætt andstöðu úr tveim áttum: Annars vegar frá ýmsu "listafólki", og hins vegar frá stórfyrirtækjum í leikerasmíði sem byggja á vinnu ófaglærðs fólks. Listafólkið sem margt hefur lært leirkerasmíði á námskeiðum í Handíða- og myndlistarskólanum, og á námskeiðum erlendis, krefst þess að fá algerlega frjálsar hendur um smíði og sölu leirmuna, vegna þess að það sé að framleiða list og ekkert jafn veraldlegt og fagfélag leirkerasmiða geti stöðvað það í því. Leirkerasmiðir viðurkenna hæfileika margra listamannanna, og myndu fúslega veita þeim meistararéttindi í leirkerasmíði ef þeir sæktu um það, en því hafnar listafólkið, því sennilega myndi það varpa rýrð á listina ef skapendurnir væru í fagfélagi. Í stað þess hefur listafólkið skrifað ráðuneytunum bréf þar sem þess er krafist að leirkerasmíði verði tekin úr Iðnskólanum og fengin algerlega í hendur fúskurum. Listamennirnir hafa fengið liðveislu í þessu frá stórfyrirtækjum eins og Glit h.f., en það er fyrirtæki sem fjöldaframleiðir "handunna" muni, og byggir sem slíkt á ófaglærðu verkafólki. Hagsmunir Glit h.f. eiga ekkert skylt við listelsku, heldur er það einfaldlega svo að verði þeir að hafa faglærða menn í vinnu við leirkerasmíði myndi það þýða að þeir yrðu að greiða hærra kaup, og þá myndi gróðinn minnka. Þar eru það gróðahagsmunirnir sem ráða ferðinni.

Leirkerasmíði er ekki fyrsta fagið sem hinir og þessir fúskarar og gróðabrallsmenn reyna að brjóta niður. Sömu sögu má segja um fög eins og bókband, söðlasmíði, kjólsaum og vefnað. Þar hafa farið saman hagsmunir stórframleiðenda og listamanna um að brjóta þessi fög niður. Myndlistar- og handíðaskólinn hefur haldið námskeið í bókbandi, og síðan hafa hinir og þessir menn útí bæ byrjað að auglýsa að þeir bindi inn bækur fyrir mun lægra verð en faglærður bókbindari gerir. Þetta geta þeir auðvitað í krafti þess að þeir vinna þetta í frístundum, en taxti bókbindarans miðast við að hann verði að framfleyta sér á iðn sinni. Þannig er kippt smám saman grundvellinum undan handiðnaðinum og auðvaldið græðir á öllu saman. Sú barátta sem leirkerasmiðir eiga í í dag er barátta fyrir möguleikum þeirra til að framfleyta sér af iðn sinni, og sem slík á hún rétt á stuðningi allra réttsýnna manna. Telji listafólkið að listin sé svo heilög að hún geti svipt menn réttindum til að framleyta sér, þá hafa þeir flaskað illa á ellefta boðorðinu, og það sýnir best hvaða borgaralega viðhorf ræður í listsköpun slíkra manna. -/ÓI

Það verður að vera til flokkur til að leiða baráttuna


Nú að afloknu verkfalli fóru tíðindamenn Stéttabaráttunnar í heimsókn til Ólafs Stefánssonar. Ólafur er í verkalýðsfélaginu Dagsbrún og nú sem stendur er hann við vinnu við Kröfluvirkjun.

Stb: Hvað finnst þér um frammistöðu verkalýðsforingjanna í dag og verkalýðsbaráttuna?

ÓS: Verkalýðsforystan í dag er verri en ekki nein. Ég tel að þeir séu búnir að glata tiltrú meginþorra verkamanna, jafnvel þó að þeim líðist að vera í stólum verkalýðsfélaganna. Þetta er orðið eins með þá og verkalýðsforingja Alþýðuflokksins á kreppuárunum. Þeir reyndu að drepa niður verkalýðsbaráttuna í félögunum og fá þetta allt inn á Alþingi. Þennan sama leik leikur Alþýðubandalagið, þeir vilja ekki fjöldabaráttuna. Þeir vilja láta okkur kjósa sig inn á þing, enda eru margir þeirra þar og þykjast vinna fyrir okkur. Þessu var öðruvísi farið þegar Kommúnistaflokkurinn var og hét, hann virkjaði og var í leiðsögn verkalýðsstéttarinnar, enda hafði hann fylgi verkamanna og traust langt út fyrir sínar raðir.

Stb: Hvernig var verkalýðsbaráttan á þeim árum þegar þú byrjaðir að vinna?

ÓS: Ég er úr Hrútafirðinum, Borðeyrarmegin, og þar vann ég við sveitastörf fram að fermingu. Þar var starfandi verkalýðs- og smábændafélag og voru fæstir eingöngu verkamenn heldur stunduðu búskap á milli þess sem unnið var á Borðeyri. Kommúnistaflokkurinn var með deild á Borðeyri sem taldi 12 manns rétt fyrir 1935. Ég var félagi í henni, og fór starfið og skólun félaganna mest þannig að við lærðum af leiðandi félögum sem



fluttu fyrirlestra og svo var það náttúrulega stéttabaráttan, sem kenndi okkur margt, til dæmis Dettifossdeilan. Það var harður skóli. 1935 fór ég svo að vinna hér fyrir sunnan í Njarðvíkum. Það var um vertíðina og var þar mikið um aðkomufólk, enda landburður af fiski. Þá var unnið 20 tíma samfleytt á sólarhring í allt að þrjár vikur hjá þeim formanni sem ég var hjá. Sumir voru í verkalýðsfélaginu í Keflavík, aðrir í engu. Sjómennirnir reru upp á ákveðið kaup og fengu að auki uppbót ef vel gekk. Frá janúarbyrjun til 11. maí vann ég mér inn 360 krónur sem þótti gott kaup. Þá var gert upp um leið og úthaldinu lauk. Ekki var starfsemi KFÍ mikil í Njarðvíkum á þessum tíma, en íhaldið átti töluvert í verkamönnum. En það má segja þeim verkamönnum sem fylgdu íhaldinu í þá daga, að þegar þeir voru komnir út í kjarabaráttuna, voru þeir prýðilegustu félagar.

Stb: Þú hefur tekið þátt í stofnun verkalýðsfélags, er ekki svo?

ÓS: Jú, það var árið 1936 á Drangsnesi á Ströndum. Þar var ég við vinnu og var ákveðið að stofna verkalýðsfélag. Við skrifuðum undir, að við mundum hlýða þess samþykktum. Ég var þar fyrstur á blaði og ætluðu eigendur atvinnutækja staðarins að reka mig á brott, því að þeir þoldu ekki að það yrði úr stofnun félagsins. Alliance átti stöðina og sögðu eigendurnir að við værum að eyðileggja staðinn með því að heimta kjör og kaup. Þá varð það mér til bjargar að ég komst á trillu þarna en verkalýðsfélagið rann út í sandinn. Dæmi svipuð þessu var víða hægt að finna á þessum tíma, en í dag er þeirri aðferð beitt að hafa foringja verkalýðshreyfingarinnar í vasa atvinnurekendanna. Á þessum tíma biðu verkamenn eftir leiðsögn KFÍ og það kom ekki á óvart þegar hann fékk uppundir 40 atkvæði í kosningum á þessum tíma, í Strandasýslunni.

Stb: Þrátt fyrir það traust sem KFÍ hafði var hann lagður niður. Hvers vegna?

ÓS: Framvarðarsveit verkalýðsins var lögð niður vegna samfylkingarinnar sem var við róttæka menn í Alþýðuflokknum gegn fasismanum. Sósíalistaflokkurinn - Sameiningarflokkur alþýðu var stofnaður, og tel ég að fylgi þess flokks hafi fyrst og fremst verið að þakka hinu góða starfi KFÍ á kreppuárunum en ekki vegna kratanna úr Alþýðuflokknum. Eins og ég hef áður sagt biðu verkamenn eftir leiðsögn KFÍ í hagsmunabaráttunni, þetta var höfuðstyrkur hans en ekki sá fjöldi sem í honum var. En hlutirnir voru farnir að dala og þess vegna var KFÍ lagður niður.

Stb: Mundir þú ekki telja að brýnt sé að vinna að stofnun Kommúnistaflokks Íslands til að leiða verkalýðsbaráttuna eins og KFÍ gamli gerði?

ÓS: Jú, ég tel að það sé mjög brýnt að stofna slíkan flokk, en ég tek það fram að ég tel mig of gamlan til að taka þátt í því vegna þess að það verður að gera miklar kröfur til félaga slíks flokks. Að byggja upp slíkan flokk krefst mikils starfs og þolinmæði, því að verkalýðshreyfingin er ákaflega borgaraleg í dag. KSML eru samt svipuð gamla KFÍ og ef að hann væri enn til staðar væru þið þar sem ein heild. Það er mjög brýnt að reyna að sameina hópana vinstramegin við Alþýðubandalagið, og vinna traust og tiltrú verkamannanna á vinnustöðunum. Ég tel það til dæmis hættulega barnasjúkdóma að setja hagsmuni flokksins ofar hagsmunum verkamanna, því að þeir eiga að fara saman. Þegar kemur til atvinnuleysis eins og nú virðist stefna í verður að vera til flokkur til að leiða baráttuna. Verkalýðsforysta Alþýðubandalagsins mun ekki gera það frekar en Alþýðuflokkurinn á sínum tíma. Það er nefnilega ekki hægt að kaupa sig frá atvinnuleysi, eins og nýjustu samningar Gvendar jaka eru gott dæmi um.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að hóparnir vinstramegin við Alþýðubandalagið beri gæfu til þess að labba saman á 1. maí næstkomandi.

-/bsk. -jhó.

Starf íhalds og AB

Á vinnustöðum er oft rætt um það hvers vegna allir vinstrimenn eru ekki sameinaðir í einum flokki, Alþýðubandalaginu. Þessu er til að svara, að verkamenn sem eru í KSML sjá engan valkost þar sem Alþýðubandalagið er. Við getum tekið sem dæmi þann mun sem er á íhaldinu og Alþýðubandalaginu í verkalýðshreyfingunni. Í miðstjórn ASÍ á Alþýðubandalagið tæpan helming fulltrúanna, íhaldið á hina. Í stjórnum stærstu verkalýðsfélaga landsins sitja saman bæði alþýðubandalagsmenn og svörtustu íhaldsmenn. Við skulum taka nokkur dæmi. Í Iðju, félagi verksmiðjufólks sitja nú í stjórn bæði yfirlýstir alþýðubandalagsmenn og sjálfstæðismenn, sama sagan er í verkakvennafélaginu Sókn og Dagsbrún. Hvernig má það vera að skoðanir flokka sem ættu að vera svo ólíkar fara alveg saman í stjórnum verkalýðsfélaganna? Annar flokkurinn hefur það að yfirlýstu markmiði að viðhalda einkaeign á atvinnutækjunum og arðráni á verkalýðnum, en hinn kallar sig sósíalískan og það þýðir að verkalýðurinn eigi að taka völdin og atvinnutækin af atvinnurekendum, til þess að þau verði notuð verkalýðnum til hagsbóta. Þetta á að vera alveg svart og hvítt. Samt fara skoðanir þessara flokka saman þegar þarf að berjast gegn verkalýðnum og viðhalda arðráni og kjaraskerðingum. Ætli það sé bara ekki svo að Alþýðubandalagið er aðeins sósíalískt í orði en ekki í starfi. Það er ekki hægt að sjá annað. -/bsk

Útbreiðslumiðstöð fyrir byltingarsinnaða menningu



Bókabúðin Rauða stjarnan, sem rekin er af Kommúnistasamtökunum, hefur verið starfandi um nokkurt skeið. Hún átti nokkuð erfitt uppdráttar framanaf, en er nú búin að ná sér á strik með fjölbreyttara vöruúrvali. Búðin er opin frá kl. 15-19 alla virka daga og er áætlað að lengja opnunartímann í framtíðinni. Hér fer á eftir viðtal við Matthías Sæmundsson, starfsmann Rauðu stjörnunnar og pólitískan fulltrúa Kommúnistasamtakanna:

Stb: Í hverju er Rauða stjarnan frábrugðin öðrum bókaverslunum, og hvert er markmiðið með henni?

MS: Tilgangur Kommúnistasamtakanna með stofnun Rauðu stjörnunnar var fyrst og fremst sá að stofna útbreiðslumiðstöð fyrir byltingarsinnaða menningu á Íslandi. Löngu er ljóst að Mál og menning hefur brugðist því hlutverki gjörsamlega, og er í dag engu frábrugðin öðrum gróðafyrirtækjum.

Tilgangurinn er sá að hér geti fólk fengið sósíalískar bókmenntir, byltingarsinnaðar hljómplötur og hvers kyns blöð og bæklinga sem snerta baráttumál verkalýðsstéttarinnar í dag, - og margt fleira. Markmið Rauðu stjörnunnar er í stuttu máli það, að styðja við bakið á þeirri ungu kommúnísku hreyfingu sem er að vaxa í dag.

Stb: Hvernig gengur rekstur bókabúðarinnar?

MS: Það er gefið mál að það eru ekki fjársterkir aðiljar sem standa að búðinni, og hún er ekki rekin með gróðasjónarmiðið fyrir augum. Við stöndum fyrir utan bóksalafélagið, sem er okurmafía í einu orði sagt, og reynum að hafa verð á vörunum eins lágt og unnt er. Það er nauðsynlegt til að láglaunað alþýðufólk geti nálgast þetta efni. Reksturinn byggist eingöngu á stuðningi þeirra sem versla við bókabúðina.

Því er ekki að leyna að hagur búðarinnar hefur batnað mikið undanfarið, og eru þar tvær orsakir sem má nefna til. Í fyrsta lagi hefur vöruúrvalið aukist mikið í búðinni, og í öðru lagi hefur skilningur manna stóraukist á nauðsyn slíkrar verslunar sem þessarar.

Stb: Hvað geturðu sagt um vöruúrvalið?

MS: Eins og áður sagði hefur vöruúrval aukist mikið undanfarið. Við getum nú boðið upp á úrval marxískra rita bæði á íslensku sem og öðrum tungumálum. Þar má nefna bækur frá norðurlöndunum, Bandaríkjunum, Albaníu, Kína og Englandi. Auk þessa höfum við mikið af úrvals bókmenntaverkum eftir fremstu rithöfunda verkalýðsstéttarinnar.

Stb: Hér eru líka seldar hljómplötur?

MS: Já, hér má m.a. fá hljómplötur frá bandarísku hljómplötuútgáfunum Folkways Records og Paredon Records. Þar er um mjög fjölbreytta tónlist að ræða, t.d. verkalýðssöngva færða í rokkbúning, blues, þjóðlög og frelsissöngva alþýðu t.d. frá S-Ameríku, Írlandi og Víetnam svo nokkuð sé nefnt. Einnig höfum við á boðstólum kínverska hljómlist. Búðin hefur auk þess nokkuð af vörum frá Alþýðulýðveldinu Kína, til að mynda te og pennasett, sem eru seld á mjög lágu verði.

Stb: En hvað um íslenskar bókmenntir?

MS: Við höfum kappkostað að bjóða upp á sem mest úrval íslenskra verkalýðsbókmennta. Margar slíkar bækur hafa verið lagðar til hliðar í öðrum bókaverslunum, og almenningi þannig ekki verið gefinn kostur á að öðlast þær. Í framtíðinni munum við reyna að stórauka úrvalið af slíkum bókmenntum í versluninni. Með því getum við stuðlað að því að vinna gegn borgaralegu menningunni sem tröllríður öllum húsum í dag.

Stb: Er fólki úti á landi gefinn kostur á að versla við búðina?

MS: Fólk úti á landi getur pantað efni gegnum póstkröfu. Á næstunni mun verða útbúinn pöntunarlisti, sem verður send ur öllum áskr. Stéttabaráttunnar. Auk þess mun fólk geta pantað beint úr Rauðu stjörnunni.

Stéttabaráttan hvetur lesendur sína til að beina viðskiptum sínum til Rauðu stjörnunnar, og stuðla þar með að vexti hennar og framgangi.

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Í Rauðu stjörnunni færðu bækurnar og blöðin sem þig hefur vantað. Auk þess er þar mikið úrval af hljómplötum og veggsjöldum.

RAUÐA STJARNAN
Lindargötu 15 Rvík
Pósthólf 1357

Bókabúð

Frh. af baksíðu.

Kastljós

gaum. Lúlli sagði að "það væru merki á lofti um að forystu faglegu hreyfingarinnar sé að verða ljós nauðsyn pólitísks starfs," og átti hann þá við að þeir takmörkuðu sig ekki við kjarabaráttuna en stefndu þess í stað að "alþýðuvöldum."

Það spaugilega við þessa yfirlýsingu Lúlla er það að hér er hann að tala um þá menn sem hafa setið eins og gráir kettir inni á þingi, í nefndum og ráðum hist og her. Hann er að tala um menn eins og Hannibal, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson o.fl. Þessir menn eru löngu búnir að fram kvæma það sem Lúlli þykist nú sjá merki um að sé að koma. En meira um "alþýðuvöldin."

Það sem skein skært í gegnum allt þeirra tal var sú ætlan þeirra að freista þess að sameina allt liðið sem er til vinstri við Framsókn (og jafnvel Framsókn að hluta), sameina það um að mynda þingmeirihluta í gegnum aukna sókn undir merkjum sameiningarinnar. Markið er "alþýðuvöld" eins og þau tíðkast í Svíþjóð, þar situr hver silkihúfan upp af annarri í ríkisbákninu, allir með flokksskírteini kratanna upp á vasann.

Sem sagt: ætlunin er að reyna að færa út kvíarnar, gera Alþýðubankann stærri, koma fleiri verkalýðssvikurum í embætti og þingsæti. Nú á að snúa bökum saman til að efla og stækka hóp "verkalýðssinna" sem sitja og safna spiki í óteljandi nefndu, ráðum - nefndir sem fjalla um endurskoðun á starfi nefndar sem fjallaði um endurskoðun á skipun nefnda.

Þetta eru alþýðuvöldin sem kratar allra flokka stefna að.

-/hh

Um Grænland

Auðlindir mergsognar af erlendu auðvaldi

Með þessari grein hefst greina flokkur um Grænland sem birtast mun á ca. mánaðarfresti í Stéttabaráttunni. Greinarnar eru skrifaðar af hópi áhugafólks um sjálfstæðismál Grænlands, og mun hann í greinum þessum reyna að gefa yfirsýn yfir vandamál grænlendinga í fortíð og nútíð, og reyna að vekja menn upp til baráttu gegn nýlendukúgun dana á Grænlandi. Meðal greina sem eru í smíðum má nefna greinar um einokunarverslunina, pólitískar hræringar í landinu, efnahagsmál o. fl. Við hvetjum lesendur blaðsins til að fylgjast með frá byrjun og styðja við bakið á hópnum. Nánari upplýsingar um hann má fá í Stéttabaráttunni, 9. tbl. 1975.

Ein helsta röksemd þeirra sem styðja nýlendukúgun dana á Grænlandi er sú, að Grænland sé dönum byrði, og þeir borgi meira með landinu en þeir fái til baka. Af þessum röksemdaflutningi má skiljast að danir ráði Grænlandi hreinlega af mannúðarástæðum: Grænlendingar séu svo getulausir að danir stjórni landinu fyrir þá þó það kosti þá stórfé. Þessi áróður er rekinn stíft í dönsku pressunni, og þetta er opinber skoðun stjórnarinnar í Kaupmannahöfn. En staðreyndirnar tala allt öðru máli:

Grænland: Auðugt af málmum og öðrum verðmætum námuefnum

Dæmi um verðmæt jarðefni sem finnast í Grænlandi eru: Blý, sink, kopar, wolfram, úraníum og kol. Nýting þessara efna er aðeins hafin að litlu leyti og jarðfræðilega er Grænland enn að miklu leyti ókannað Fjölþjóðaauðhringarnir hafa þó komið auga á Grænland og flykkjast nú þangað í von um skjótfenginn gróða. Það er hægt að taka dæmi um tvo þessara hringa til að sýna hve umsetningin er mikil.

Greenex A/S er auðhringur sem er í eigu alþjóðlegra aðilja, þ. á. m. dana, bandaríkjamanna, svía og þjóðverja. Hann rekur námuvinnslu í "Svarta englinum", fjallinu Marmolik á vesturströnd Grænlands. Þar eru gífurlega miklar sink- og blýnámur og mikið magn hefur fundist til viðbótar því sem nú er nytjað. Fyrirtækið hefur fengið leyfi dönsku stjórnarinnar til að auka umsetningu sína verulega frá því sem nú er. Allir yfirmenn fyrirtækisins eru danskir, en námuverkamennirnir grænlenskir. Samkvæmt opinberum tölum sem birtar voru nýlega jókst umsetning Greenex að söluverðmæti frá 335 milljónum danskra króna 1974 í 428 milljónir 1975. Gróði fyrirtækisins nam árið 1975 100 milljónum dkr, eða um 3 milljörðum íslenskra króna. Hver borgar með hverjum?

Nordisk Mineselskab er annar auðhringur sem líka hefur Grænland að starfsvettvangi. Hann var stofnaður 1952 af bandarísku og dönsku auðmagni Sama ár fékk hann leyfi til leitar og vinnslu á námuefnum, málmum, kolum og olíu á Grænlandi. Nú þegar hefur fyrirtækið fjárfest á Grænlandi fyrir 35 millj. dkr., og áætlaðar eru fjárfestingar upp á 50-60 milljónir til viðbótar á næstu árum. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á vinnslu á málmum úr "Málmfjallinu" svokallaða við



Verkamenn við olíuvinnslu á Grænlandi

Meistaravík. Það hefur nýlega stofnað dótturfyrirtæki, Arktisk Minekompagni sem sérhæfir sig í vinnslu kopars, wolframs, úraníums og sinks. Það hafa ekki verið gefnar upp tölur um hagnað fyrirtækisins, en umsetning þess og stækkunaráform gefa góða hugmynd um hvort hallarekstur er á því eða ekki.

Af þessu má sjá, að Grænland er ekki fátækt land, heldur auðugt.

Auðlindir í hafinu við Grænland eru rányrktar

Við Grænland eru fiskimið góð, þar sem allra handa nytjafiskur er veiddur, allt frá grálúðu til þorsks, frá laxi til rækju. Flest útgerðarfélög á Grænlandi eru í eigu dana, en grænlendingum sjálfum eru miklar hömlur settar um veiðar. Þannig er laxveiðin bundin kvóta sem skipt er á milli hinna ýmsu útgerðarfélaga, og renni grænlendingur fyrir lax í óleyfi á hann á hættu sektir. Danir hafa neitað að fríða viðkvæm mið fyrir rányrkju, sem leitt hefur til þess að fjölmargar þjóðir stunda í dag algera rányrkju á laxi og rækju. Grænlendingar krefjast í dag 100 mílna landhelgi, og við íslendingar ættum að taka undir þá kröfu og styðja grænlendinga í baráttunni gegn rányrkju auðvaldsins.

Í hafsbotni við Grænland er talið að finnist olía. Danmerkurstjórn setti landið fyrir nokkrum árum á alþjóðlegt uppboð, og bauð út leyfi til vinnslu og leitar á olíu. Niðurstaða þess varð sú að hartnær öllu landgrunni Grænlands hefur í dag verið skipt á milli hinna ýmsu olíuauðhringa, en ekkert var gert til að tryggja rétt hinna réttu eigenda landsins, grænlendinganna sjálfra. Þeir eiga að lúta hinni opinberu dönsku söguskoðun: Fáfróðir og vankunnandi og upp á dani komnir með allt. En meðal grænlendinga er að vakna sjálfstæðishreyfing sem krefst þess að fá full yfirráð yfir landinu og öllum gögnum þess og gæðum, því aðeins þannig geta grænlendingar öðlast að nýju heiður sinn og þjóðarstolt.

Gegn nýlendustefnu dana á Grænlandi og Færeyjum!

-/Hópur áhugafólks um sjálfstæði Grænlands.

Afturhaldsmúsik

Það hafa margir haft orð á því að dægurlög og skrallmúsík væri til að slæva vitund fólks. Í öllu falli er það margsannað mál að mörg þeirra laga sem verða vinsæl og eru síendurtekin í útvarpinu færa afturhaldssaman áróður í ýmsum myndum. Bullið er reyndar oft yfirgengilegt en samt tekst að læða borgaralegum hugmyndum í stórum stíl að fólki.

Nýlegt dæmi um slíkan texta í vinsælu dægurlagi er lagið "La Paloma Blanca". Þetta lag er frá fasistalandinu Spáni - þar sem fasisminn ríkir enn.

En hvað segir textinn (á ensku auðvitað)? Þar segir: "Yet no one can take my freedom away" (enginn getur svipt mig frelsi mínu þrátt fyrir allt). Það er fjandi hart að vita til þess að slíkt áróðurslag fyrir fasisma nái vinsældum meðal íslendinga - hvar er hin margrómaða frelsisást?

GSB

Bandaríski draumurinn

Bandaríski neytendafrömuðurinn Ralph Nader lét nýlega gera rannsókn á bandaríkjaþingi. Rúmlega þúsund sjálfboðaliðar unnu í átján mánuði að rannsókninni og niðurstaðan varð sú að sérhagsmunir iðnaðarauðvaldsherranna réðu öllum gerðum þingsins. Þingið var dæmt sem "yfirborðsleg samkunda sléttstrokinna drengja sem að nafninu til settu landinu lög..." Gallinn við Ralph þennan Nader er sá að hann lætur sér nægja sjálfa rannsóknina - um vísvitað starf til að bylta þessu rotna kerfi er ekki að ræða af hans hálfu.

Hver hefur sigrað í Angóla?

Nú eftir að MPLA hefur sigrað heri FNLA og UNITA í Angóla þá er ástæða til þess að skoða gang mála þar í ljósi þess hvernig þennan sigur hefur borið að.

Deilur hafa staðið um eðli málsins meðal vinstrimanna - milli þeirra sem lýsa yfir fullum stuðningi við MPLA og annarra sem hafa ekki viljað lýsa yfir einhliða stuðningi við þá hreyfingu.

Það sem mestu máli skiptir er að gera sér ljóst að frelsisstríð kúguðu þjóðanna getur aðeins unnist með aðferðum alþýðustríðsins. Þ.e. að sameina meirihluta þjóðarinnar og virkja til baráttu gegn öllum erlendum öflum sem seilast til áhrifa í viðkomandi landi. Alþýðustríð getur aðeins staðið undir nafni svo framarlega sem það er alþýðan sem frelsar sig sjálf - með eigin skólun og vopnaðri baráttu. Aðstoð frá vinveittum þjóðum í formi vopnasendinga o.fl. getur aðeins komið að gagni svo framarlega sem þessu skilyrðum er fullnægt.

Í Angóla hafa málin þróast þannig að baráttufylkingin gegn nýlenduveldi portúgala klofnaði í þrjár hreyfingar. Allar þessar hreyfingar tóku meiri eða minni þátt í baráttunni. Allar samþykktu þær að koma á fót samsteypustjórn eftir að Portúgal hafði lýst yfir að Angóla væri ekki lengur nýlenda þeirra. Það hafa verið uppi sterkar raddir sem lýsa því yfir að sumar hreyfingarnar hafi ætíð verið handbendi CIA og S-Afríku - þeir sem sjá um að dreifa þessum frásögum um heiminn eru Sovétríkin og endurskoðunarsinnar allra landa. Mikið af alls konar "upplýsingum" er sett á þrykk þar sem það er "sannað" að FNLA hafi alla tíð verið handbendi CIA. Gott og vel. Það láist bara að setja þessar "upplýsingar" í samhengi við þær staðreyndir að MPLA, sem er talin hin eina sanna frelsishreyfing samkvæmt sömu heimildum, samþykkti að eiga aðild að samsteypustjórn með þessum handbendum CIA. (Aldrei kom til mála af hálfu FNL í S-Víetnam að koma á laggirnar samsteypustjórn með Thieu - slík málamiðlun hefði jafngilt svikum við alþýðuna). Í öðru lagi hefur verið sagt að með sigri FNLA að þá hefði erlendum auðhringjum orðið auðvelt að sölsa undir sig auðlindir landsins. Þessar sögur eru ekki nema hálfur"sannleikur" þar sem að stjórn MPLA hefur sjálf gengið til samninga við vestræna auðhringi um olíuvinnslu í Angóla.

Þáttur Sovétríkjanna og Kúbu

Þeir sem styðja MPLA einhliða skiptast í tvo hópa þegar taka þarf afstöðu til þáttar Sovétríkjanna í "frelsun" Angóla.

Annars vegar eru þeir sem oft kenna sig við marxismannlenínismann og telja Sovétríkin sósíalheimsvaldasinnuð - þeir kjósa oftast að þegja um hlut þeirra eða þá að þeir telja hann ekki skipta neinu meginmáli. Þeir leiða hjá sér þá staðreynd að ef þáttur Sovétríkjanna (sem er annars eðlis en í Víetnam) hefur orðið til þess að veita alþýðu Angóla frelsi, þá er það á sama hátt fullmögulegt fyrir Bandaríkin að stuðla að frelsun kúguðu þjóðanna. En hingað til hefur engum sönnum and-heimsvaldasinna dottið slíkt í hug.

Ef þessir menn gera sér grein fyrir því að Sovétríkin eru gráðugt heimsvaldaríki á uppleið, þá er þar með útilokað að þeir skilji ekki þá þýðingu og tilgang sem afskipti Sovétríkjanna hafa haft í þessu máli. Með því að senda 12.000 velvopnaða málaliða sína ásamt 2000 tæknimönnum til Angóla hafa Sovétríkin ráðið úrslitum um gang mála. Aðrir stuðningsmenn MPLA telja að Sovétríkin séu sósíalískt ríki og líkja gjarna þátttöku kúbönsku hermannanna við baráttu alþjóðaherdeildarinnar gegn fasismanum á Spáni á sínum tíma. Þessir aðilar hafa á sínum snærum langar upptalningar "staðreynda" um gang baráttunnar gegn nýlenduher Portúgal - um CIA-bönd FNLA o. fl. En þessir aðilar þegja þunnu hljóði um það að Sovétríkin hópu sinn stórfellda vopnaflutning til Angóla eftir að portúgalir voru sigraðir. Og ennfremur að Sovétríkin sendu ekki vopn öll árin sem baráttan gegn nýlenduhernum (sem átti dyggan bakhjarl í NATO) stóð - einmitt þegar alþýðan þurfti á vopnum að halda. Allur samanburður við baráttuna á Spáni er fráleitur því kúbönsku hermennirnir ganga erinda heimsvaldastefnunnar.

Einn skeleggasti talsmaður fyrir þátttöku Sovétríkjanna og Kúbu er Fidel Castro, hann hefur verið óþreytandi við að lofsyngja Sovétríkin og jafnframt verið jafnötull við að fordæma afstöðu Kína og "maóismann." Castró hefur lýst því yfir, að það hafi verið skylda kúbumanna að senda lið til Angóla þar sem að S-Afríka gerði innrás í landið - þar með hefur hann tekið sama pól í hæðina og s-afríkustjórn sjálf. Hún lýsti því yfir að sín íhlutun væri gerð til þess að vinna gegn áhrifum Sovétríkjanna. Í blaðinu "Gramma" hefur afstaða Kommúnistaflokks Kúbu komið fram: "Í geigvænlegu bandalagi heimsvaldastefnu, kynþáttahaturs og maóisma gegn frelsi og sjálfstæði Alþýðulýðveldisins Angóla, hefur kínverska forystan tekið að sér hið ógeðfellda hlutverk að dreifa svívirðilegum áróðri gegn þeim sem hafa uppfyllt skyldur sínar sem alþjóðasinnar með stuðningi við alþýðu Angóla í réttlátri baráttu hennar."

"Enn einu sinni, í ljósi Angólamálsins, hefur kínverska maóistaforystan opinberað samstöðu sína með stefnu heimsvaldasinna, gegn byltingar-, þjóðfrelsis- og sósíalískum hreyfingum um allan heim." (Gramma, málgagn Kommúnistaflokks Kúbu, 8.2. 1976).

Castró leggur kínverja að jöfnu við kynþáttahatara og heimsvaldasinna - en prísar jafnframt þátt kúbönsku hermannanna og "alþjóðahyggju" sovétstjórnarinnar og sjálfs síns.

En lofgjörð endurskoðunarsinna um dæmafá afrek sín og takmarkalausa alþjóðahyggju megnar ekki að hylja þá staðreynd að það voru afskipti Sovétríkjanna sem komu af stað þeim blóðugu átökum sem urðu milli MPLA - FNLA og UNITA.

Það mun koma skýrt í ljós, hvað býr að baki "alþjóðahyggju" sósíalheimsvaldasinnanna í Kreml þegar þeir hyggjast uppskera það þakklæti sem þeir telja sig nú eiga skilið. Þegar alþýða Angóla stendur frammi fyrir kröfum sovétstjórnarinnar um flotaaðstöðu og aðra endurgreiðslu fyrir "hjálpina", þá mun hún þurfa á öllum mögulegum stuðningi að halda - á sama hátt og þegar hún barðist gegn nýlenduher Portúgals. Þá mun vonandi ekki standa á stuðningi þeirra sem nú loka augunum fyrir tilgangi sovétstjórnarinnar - þá er vonandi að lexían frá Tékkóslóvakíu rifjist upp fyrir sumum sem virðast nú hafa gleymt henni - þá munu núverandi formælendur sovésk/kúbanskrar "alþjóðahyggju" væntanlega þegja.

-/hh

Framhald af forsíðu

STOFNUM KOMMÚNISTA-FLOKK ÍSLANDS

háð stéttabaráttu gegn borgarastéttinni - stofnun nýs kommúnísks flokks er því höfuðnauðsyn. Stofnun KFÍ/ML er því mjög tímabært skref og skyldar alla sanna verkalýðssinna til að fylkja sér um þennan flokk.

Í dag ríkir mikil sundrung í verkalýðshreyfingunni. Þessi sundrung orsakast af þeirri skemmdarstarfsemi sem unnin hefur verið af forsprökkum endurskoðunarsinna, mönnunum sem nú hreykja sér í Alþýðubandalaginu. Þeir breiða út kenningar um þingræðislega leið til sósíalismans - og reka lævísan áróður gegn stéttabaráttu verkalýðsins. Þetta gera þeir til þess að flækja verkalýðinn í snörur þingræðisins og afla sér þannig atkvæða. Þessar hugmyndir birtast í ýmsum myndum hjá þeim sem aðhyllast sósíalismann.

Til þess að sigrast á þessari sundrungu og ruglingi er nauðsynlegt að heyja óvægna baráttu gegn áhrifum Alþýðubandalagsins sem er höfuðvígi endurskoðunarstefnunnar hér á landi. Aðeins þannig er hægt að skilja hismið frá kjarnanum - að afhjúpa þær stefnur og strauma sem eru fjandsamleg verkalýðnum og sigla undir fölsku flaggi sem verkalýðssinnaðar - og efla marxismann-lenínismann sem einn getur fært baráttu verkalýðsins fram á við.

Þess vegna geta engir þeirra sem í rauninni vilja fylkja sér um málstað verkalýðsins látið annarleg sjónarmið hindra þátttöku sína í uppbyggingu flokksins. Þeir sem láta samtakaríg og músarholusjónarmið ráða afstöðu sinni til þessa mikilvæga máls sem flokkstofnunin er - þeir skipa sér í fylkingu með borgaralegum öflum.

Barátta KSML

KSML settu sér það verkefni við stofnun að endurreisa íslenskan kommúnistaflokk. Nú hefur það starf staðið í tæp 4 ár. Saga KSML er saga þrotlausrar baráttu fyrir þessu markmiði - barátta gegn frávikum frá marxismanum-lenínismanum innan eigin raða og baráttu gegn áhrifum endurskoðunarstefnunnar. Margir hafa lagt hönd á plóginn og margir hafa helst úr lestinni, en nú er til staðar fastur kjarni sem unnið hefur að undirbúningi flokksstofnunarinnar. Í gegnum uppgjör við "vinstri" hentistefnu og hægrifrávik hafa félagar samtakanna sótt fram til þess dags er flokkurinn verður stofnaður.

En þótt flokkurinn sé formlega stofnaður, þá þýðir það engan veginn að sjálfri uppbyggingu hans sé lokið. Stofnun in er nauðsynlegt skref en alls ekki lokapunkturinn. Borgaralegum áhrifum er ekki úthýst fyrir fullt og allt og mörg verkefni við skipulagningu sjálfs flokksins eru óleyst og síðast en ekki síst blasir við það mikla verkefni að byggja upp aðalmálgagn KFÍ/ML og aðra útgáfustarfsemi.

Til þingsins mæta fulltrúar víða að, þeir hafa verið valdir af félögum sínum til þess að sitja þetta mikilvæga þing, sem markar tímamót í sögu íslenskrar öreigastéttar.

ms

Ályktun frá Árósum

Landhelgismálið.

Aðalfundur Íslendingafélagsins í Árósum ályktar.

Skýrslur Hafrannsóknarstofnunar Íslands sýna svart á hvítu að nauðsynlegt er að draga stórlega úr afla á Íslandsmiðum. Samningarnir við vestur-þjóðverja og samningaumleitanir við breta sýna, að sú stjórn sem nú situr er alls ófær um að framkvæma þetta, nema hreyfing meðal alþýðu knýi hana til þess. Sú staðreynd að reynt er að halda leyndum skýrslum Hafrannsóknarstofnunarinnar, og starfsmönnum hennar meinað að tjá sig um málið sýnir að svika er alltaf von. Það, að friðunartillögum Hafrannsóknarstofnunarinnar er þrásinnis ekki sinnt sýnir, að verndun fiskistofnanna er erfið, ef ekki ómöguleg, svo lengi sem gróðahagsmunir fiskiðnrekenda og útgerðarmanna eru leiðarljós. Skynsamleg nýting fiskistofnanna verður aðeins tryggð með vísindalegri skipulagningu veiðanna í þágu alþýðu, en gróðahagsmunir látnir víkja til hliðar. Loks sýnir þáttur NATO í málinu, að NATO er ekki til verndar íslendingum, né heldur herbúðir USA á Miðnesheiði. Þvert á móti. Samningsvilja ríkisstjórnarinnar má rekja til þýlyndis gagnvart bandamönnum sínum í NATO, auk almenns dáðleysis. - ENGA SAMNINGA VIÐ BRESKA AUÐVALDIÐ. BIRTING ALLRA UPPLÝSINGA UM FISKISTOFNANA STRAX. VÍSINDALEGA SKIPULAGNINGU VEIÐANNA. GEGN GRÓÐAHAGSMUNUM AUÐVALDSINS. ÍSLAND ÚR NATO - HERINN BURT.

Samþ. einróma.

Lánamálin

Ályktun almenns íslendingafundar í Árósum 6/3 1976.

Fundurinn mótmælir þeim ráðstöfunum ríkisvaldsins að á miðju lánatímabili skulu gildandi reglur um endurgreiðslur námslána vera numdar úr gildi. Það hefur í för með sér að námsmenn neyðast til að taka lán með óþekktum skilmálum. Vafasamt má teljast að það sé löglegt að breyta skilmálum lána sem þegar hafa verið greidd að hluta, eins og hér er verið að gera. Fundurinn mótmælir því frumvarpi sem hefur verið borið upp á Alþingi og þeim árásum á rétt manna til að mennta sig, sem birtast þar í formi hertra endurgreiðslna. Sérstaklega viljum við benda á að orðalagið "stefnt skal að." o.s.frv. er óviðunandi. Við krefjumst þess að tryggð verði nægileg opinber aðstoð til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði á viðunandi kjörum. Við mótmælum því að lámarksendurgreiðslur verði settar við kr. 50.000 á ári og krefjumst þess að þetta ákvæði verði numið á brott, en styðjum tillögur kjarabaráttunefndar um endurgreiðslur í samræmi við tekjur. Við mótmælum því að ríkisvaldið fái úrskurðarrétt í Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Fundurinn skorar á námsmenn að hefja þegar öfluga baráttu, og hvetur verkalýðshreyfinguna og stjórnmálaflokka hennar til að styðja námsmenn í þeirri baráttu.

Samþ. einróma.

framhald af forsíðu

„Kauphækkun" ASÍ-forystunnar

fram minnkandi en verðbólgan æðir áfram með stöðugt auknum hraða.

Það er því ljóst að samningarnir í lok febrúar síðastliðinn hafa á engan hátt megnað að verja vígstöðu verkalýðsins í kjarabaráttunni né heldur hafa þeir getað varið verkalýðinn gegn þeim miklu verðhækkunum sem nú þegar hafa skollið á. Það fyrsta sem verkafólk verður því að gera í núverandi ástandi til að reyna að sporna gegn enn auknum kjaraskerðingum er að styrkja innviði samtaka sinna og setja fram raunhæfar kröfur sem miðaðar eru við ástand og markmið baráttunnar.

Núverandi varnarbarátta verkalýðsfélaganna er ekki aðeins háð með litlum árangri heldur hefur skipulag baráttunnar frá hendi forystunnar orðið til þess að einangra verkalýðsfjöldann í félögunum frá virkri þátttöku í baráttunni. Á meðan það ástand varir, að allt skipulag baráttunnar er látið í hendur hálaunaðra skriffinna ASÍ-forystunnar sem semja svo um laun fyrir okkur, sem þeir þurfa og treysta sér sjálfsagt ekki sjálfir til að lifa af, getur verkalýðurinn ekki vænst neins teljandi árangurs af baráttunni. Þess vegna, ef við viljum ekki þurfa að horfa stöðugt upp á hraðminnkandi kaupmátt eftir hverja einustu samninga eins og nú er raunin, verðum við nú þegar að hefja meðvitaða baráttu fyrir endurreisn verkalýðsfélaganna sem raunverulegra baráttutækja í kjarabaráttunni þar sem virk og lýðræðisleg starfsemi verkalýðsfjöldans er hið ósigranlega afl. Þess vegna verðum við, án þess að hika, að hafna algerlega einræði ASÍ-forystunnar en miða skipulag okkar við þátttöku almennra félagsmanna. Nú þegar verður að setja fram kröfur sem grípa núverandi ástand í kjaramálum föstum tökum. Vegna hinnar miklu verðbólgu er því sérstaklega mikilvægt að krefjast vísitölubindingar launa. Jafnframt verður verkafólk að setja upp kröfu um, að engar verðhækkanir verði samþykktar nema að verkalýðsfélögin hafi fyrst samþykkt þær. Einnig verður að endurvekja baráttuna fyrir lífvænlegum launum fyrir 40 st. vinnuviku. Þessi krafa hefur nú öðlast gífurlegt mikilvægi, eins og ástandið er. Það er sem sé ekki nóg með að verðbólgan sé 30-50% á ári, heldur neyðir minnkandi atvinna nú stöðugt fleiri til að lifa að daglaununum eingöngu.

Við verkafólk verðum að skoða hvern þann sem snýst gegn þessum sjálfsögðu kröfum okkar sem fjandmann verkalýðsins. Þetta á í dag ekki aðeins við atvinnurekendur og auðmenn heldur einnig við ASÍ-forystuna og marga forystumenn stóru verkalýðsfélaganna. Það verður að taka upp óvægna baráttu gegn þessari fimmtuherdeild atvinnurekenda innan verkalýðsfélaganna, sem hafa afhjúpað sig sem andstæðinga við baráttu verkafólks sjálfs fyrir bættum kjörum. Endurreisn verkalýðsfélaganna verður að vera verk verkafólksins sjálfs og til þess að það megi takast verðum við að losna við þessa uppkeyptu skriffinna úr verkalýðsfélögunum og útrýma skrifræðisskipulagi þeirra. Það er eina leiðin sem nú er hægt að fara í baráttu verkalýðsins og með þeim hætti verður hægt að koma í veg fyrir að verkafólk verði látið bera stöðugt þyngri byrðar vegna versnandi efnahagsástands og dýpkandi kreppu auðvaldsskipulagsins.

-/GA.

Bændum og verkalýð átt saman

Verkfallið í vetur leiddi hugann að kjörum bænda. Að meðaltali eru bændur lægst launaðir af stéttum þjóðfélagsins fyrir utan þá sem engar tekjur hafa nema lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Gífurlegur munur er á kjörum bænda, aðstæður til búskapar eru afar misjafnar, tekjumunur eftir búgreinum er sum ár talsverður og ýmis konar áföll setja oft strik í reikninginn.

Bændur eiga flestir sínar jarðir sjálfir og allir (eða svo til) eiga þeir þær byggingar sem á jörðunum eru. Það skiptir því verulega miklu máli fyrir bændur hvenær þeir hafa byggt, afborganir eru geysiþungur baggi á þeim sem nýlega hafa byggt en eru fremur litlar á eldri byggingum eða er jafnvel lokið á byggingum sem eru eldri en 15 ára. Stærð búa er misjöfn og fer hún að töluveru leyti eftir aðstæðum. Allmargir bændur reka stórbú, sumir hafa gríðarstór hrossastóð og aðrir geysistór kúabú. Þessir bændur eru í rauninni að taka frá smærri bændum. Það er alkunna að stóðhrossum er sleppt í tugatali á afrétti snemma vors þar sem þau vinna stórspjöll á gróðri svo að sauðfé smábændanna fær minna að éta. Í sambandi við stóru kúabúin er skammt að minnast svalbarðsstrandarbóndans sem fékk lán á lán ofan til að byggja 100 eða 150 kúa fjós á meðan mörgum smábóndanum gekk illa að fá lán.

En þrátt fyrir nokkra stórbændur er meginhluti íslenskra bænda smábændur sem hafa lág laun. Sú láglaunastétt á samleið með öðrum láglaunastéttum fyrst og fremst verkafólki og sjómönnum í bæjum og þorpum. Þess vegna er illt að horfa upp á þessar stéttir vinna hverja gegn annarri. Þegar verkafólk fer í verkfall nær verkfallið nefnilega einnig til mjólkurbúanna og gerir það að verkum að bændur geta ekki selt mjólkina sína og þurfa að hella henni niður innan fárra daga. Þess vegna er það ekki svo óeðlilegt að bóndinn leiti sér leiða til að þurfa ekki að hella niður mjólkinni. Sumir bændur skilja og strokka mjólkina en fæstir hafa þó aðstöðu til að vinna þannig eitthvert verulegt magn mjólkur. Þannig freistast margir bændur til að aka mjólkinni sjálfir í kaupstaðinn og selja fólki og brjóta þannig heilbrigðisreglugerð, verslunarlög o.fl. Það er ljóst að í verkfalli verður tekjumissir bónda, sem framleiðir eingöngu mjólk, mikið meiri heldur en verkamannsins. Verkamaðurinn er kauplaus en bóndinn þarf að borga með framleiðslunni og vinna hans verður jafnvel meiri en undir venjulegum kringumstæðum, vegna þess að hann reynir í lengstu lög að bjarga mjólkinni með einhverjum ráðum.

Oft hefur það líka komið fyrir að bændur hefur vantað áburð vegna verkfalla, oftast vegna þess að skipaflutningar á sjó hafa stöðvast en stundum vegna verkfalls í Áburðarverksmiðjunni. Slíkt verkfall átti sér stað sl. vor og tafðist þá áburðardreifing hjá bændum á Suður- og Vesturlandi um tveggja til þriggja vikna skeið. Það stefnir framtíðarafkomu bóndans í voða ef dreifing áburðar dregst úr hömlu. Það er því ekki nema eðlilegt að bændur reiðist því, þegar það verður af mannavöldum.

En hvernig stendur á því að þessar láglaunastéttir berjast svona hver við aðra? Hver hagnast á því að þær berjist hvor við aðra? Eitt er víst að hvorki verkamenn né bændur hagnast á því. Það er augljóst að verkamönnum er síður en svo hagstætt að hafa bændur á móti sér en á meðan verkfallsbarátta þeirra beinist m.a. gegn bændum hlýtur það að verða svo. Þessu þarf að breyta. Mér virðist það eðlilegt að veittar séu undanþágur hvað snertir rekstrarvörur landbúnaðarins, fyrst og fremst áburð og fóðurblöndur, og undanþága fyrir vinnslu mjólkur. Það er alls ekki nauðsynlegt að leyfa sölu á mjólk þótt hún sé unnin. Það er líka sjálfsagt að slík undanþága gildi ekki varðandi vinnslu mjólkur frá stórbændum.

En ráðandi öflum þjóðfélagsins er hagstætt að verkalýður og bændur séu sundraðir. Þessar stéttir sameinaðar eru sterkt afl sem stefnir allri gróðahagsmunauppbyggingu þjóðfélagsins í voða. Í beinu framhaldi af þessu vaknar sú spurning hvers vegna forystumenn þessara stétta semji ekki strax frið sín á milli, en engir tala verr hverjir um aðra en einmitt þeir. Verkalýðsforystan æsir upp verkalýðinn gegn bændunum og bændaleiðtogarnir tala um verkafólkið í mjólkursamlögunum sem glæpamenn sem hafi af engu meira gaman en að horfa á bændur hella niður mjólk. Þeir sleppa því auðvitað að starfsfólk mjólkursamlaganna veit ekki hver skaðast mest á mjólkurniðurhellingum, eða gerir sér a.m.k. ekki næga grein fyrir því. Annars mundi það örugglega hugsa sig um tvisvar. Í þessum tilgangi sundrungar milli verkalýðs og bænda er sjónvarpið líka notað dyggilega og Haukur í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd heimsóttur til að láta hann hella niður mjólk fyrir sjónvarpið. Síðan var sú hryllingsmynd sýnd fólki með viðeigandi útskýringum og átti hún að segja "almenningi" og bændum hversu hryllilegt fólk verkafólk væri.

Fólk spyr hvort það sé nauðsynlegt að hella niður mjólk. Ég svara þeirri spurningu hiklaust neitandi. Ég bendi á að nauðsynlegt er fyrir verkalýð og bændur að "semja frið" og taka höndum saman gegn gróðahyggjuþjóðfélaginu, óvini beggja stéttanna. Fyrsta skref

frh. bls 7.

Aðalfundur Dagsbrúnar

Í fyrra seinkaði aðalfundi verkamannafélagsins Dagsbrúnar um nokkrar vikur, vegna þess að reikningar félagsins voru ekki tilbúnir. Ástæðan var sú að endurskoðandinn dó, og nýr maður þurfti að fara yfir bókhaldið. Nú í ár hefur aðalfundinum seinkað aftur, hann átti að vera ekki seinna en 15. feb. Undirritaður færði þetta í tal við varaformann Dagsbrúnar og var honum fátt til svara.

Það skyldi nú aldrei vera svo að bókhaldið sé allt í óreiðu? Allavega er það satt að nú fyrir verkfall var bifreið Dagsbrúnar keyrð í klessu af einum starfsmanninum. Auk þess hefur þessi sami starfsmaður mætt illa til vinnu, og fjármál hans og félagsins hafa blandast ansi mikið saman.

Kannski er þarna á ferðinni nýtt alþýðubankahneyksli innan stjórnar Dagsbrúnar. Við því munum við dagsbrúnarmenn ætla að fá svör á næsta aðalfundi, þegar stjórninni þóknast að halda hann. -/bsk

---

frh. af bls. 3

alm. vinnumarkaðinum, því þannig fáum við meira. Það á sem sagt að láta lægra launaða verkamenn standa í baráttunni fyrir okkur (að þessu sinni kostaði það þá tveggja vikna verkfall) og síðan á að vera hægðarleikur einn fyrir okkur að koma á eftir og biðja um meira. Fyrir þessa samninga sýndi þetta sig ljóslega í starfsháttum Hlífarforystunnar, því hún kærði sig ekkert um að notfæra sér verkfallsheimildina fyrir verkamenn í Straumsvík, heldur var beðið með að semja, þar til alm vinnumarkaðurinn hafði samið. Í áðurnefndum Straumsvíkurverkamanni er ráðist harkalega gegn þessum starfsaðferðum, en greininni lýkur á þessum orðum:

"Við verðum að útrýma þeim hugsunarhætti, að við verðum að fá meira en stéttarbræður okkar á alm. vinnumarkaði á kostnað þeirra. Slíkt er ekkert annað en eiginhagsmunapot og leiðir einungis til sundrungar innan verkalýðshreyfingarinnar. Sýnum heldur samstöðu með verkalýðsstéttinni í heild og reynum frekar að gefa þeim gott fordæmi en að láta þá heyja baráttuna fyrir okkur.

Lifi samfylking verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar."

-/Straumsvíkursella

---

frh. af bls. 6

ið í þá átt verður að vera það að verkföll verkafólks stefni ekki afkomu bænda í voða, eins og nú er. Við núverandi aðstæður er of auðvelt að segja bændum að verkamenn séu óvinir þeirra.

Stórhættuleg leið er að setja lög um þetta. Eftir að slík lög væru sett væri ekki ósennilegt að verkamenn hötuðust enn þá meira við bændur en nú er og kenndu þeim um lagasetninguna. Flestir þingmenn eru líka ragir við að samþykkja tillögu þessa efnis sem Jón Ármann Héðinsson lagði nýlega fram á Alþingi. Jafnvel þingmenn úr forystuliði bændastéttarinnar eru ragir. Þeir eru hræddir um að verkalýðurinn hafi þó þá stéttarvitund að hann láti ekki kúga sig með svona lagasetningu. En það er kannski ekkert skrítið að slík tillaga sem þessi er komin fram. Rekur það einmitt mjög á eftir bændum og verkamönnum að semja frið sín í milli, án tillits til þess hvort núverandi forystumenn stéttanna vilja það.

-/ING

Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoð

Uppgjörið við einangrunarhyggjuna

Félagar KSML hafa sett sér það mark að útrýma einangrunarhyggjunni úr sínum röðum. En áður en við getum útrýmt henni þá þurfum við að gera okkur grein fyrir hvað einangrunarhyggja er og hvernig hún birtist í samtökum okkar.

Einangrunarhyggja er það þegar blind starfsstefna er ráðandi án þess að starfinu sé beint í þá átt að bindast verkalýðsfjöldanum - starfa með honum og fyrir hann. Þó svo að miðstjórn KSML hafi fyrir nokkru lagt upp starfslínuna - með fjöldanum fyrir fjöldann - þá hafa ekki allar sellur samtakanna tileinkað sér þennan starfsstíl. Ennþá er einangrunarhyggja ráðandi í starfi sellanna.

Strax eftir að Akureyrardeild KSML var endurreist eftir klofninginn hófst þessi blinda starfsstefna. Félagar Akureyrardeildar gerðu ekki fullnægjandi ráðstafanir til að tengjast verkafólki í bænum en flutu áfram á vegi einangrunarstefnunnar. Mjög fljótlega eftir að starf hófst á Akureyri var byrjað á útgáfu Nýja Verkamannsins og tók útgáfustarfið bæði tíma og fjármuni félaganna. Árangur af útgáfu Nýja Verkamannsins hefur orðið sáralítill. Útgáfa Nýja Verkamannsins kom niður á öðru starfi sem ekki mátti sitja á hakanum, þ.e. starf og barátta meðal verkafólksins.



Samhengisleysi hefur löngum verið í starfinu jafnfram lélegu sambandi við aðrar einingar samtakanna, s.s. reykjavíkurfélaga. Þessu ástandi verður aðeins aflétt með því að samtökin byggi upp blað fyrir allt landið með a.m.k. vikulega útkomu. Slíkt blað er eina lausnin svo við getum þróað samtökin fram á við hvað varðar skipulag, vöxt, áhrif og pólitíska skólun. Þess vegna ber okkur fyrst og fremst að einbeita okkur að útgáfu eins öflugs blaðs í stað fleiri máttvana (sbr. ályktanir frá 3. þingi Komintern um kommúnísku blöðin).

Ef við lítum sem snöggvast yfir farinn veg, á útgáfu Nýja Verkamannsins, þá kemur í ljós að það tímabil sem Nýi Verkamaðurinn hefur komið út, þá hefur mjög lítið efni frá Akureyri verið í Stéttabaráttunni. Þetta er engin tilviljun. Starfið í kringum Nýja Verkamanninn hefur orðið Stéttabaráttunni til trafala. Ef við héldum áfram útgáfu Nýja Verkamannsins þá yrði það óhjákvæmileg orsök, að það yrði hemill á eflingu Stéttabaráttunnar og þar með samtakanna allra.

Vegna alls þessa hefur Akureyrardeild KSML ákveðið að hætta útgáfu Nýja Verkamannsins og gefa það Baráttusamtökum launafólks til áframhaldandi útgáfu, og ná þannig víðtækari samfylkingu um útgáfu Nýja Verkamannsins (undir forystu kommúnista eins og BSL eru). Nýi Verkamaðurinn sem málgagn Baráttusamtaka launafólks verður til að gera starf BSL markvissara og skipulagðara. Útgáfa mánaðarblaðs á vegum BSL verður nokkurs konar samnefnari fyrir baráttuna gegn stéttasamvinnunni og ætti að verða til þess að starf BSL verði ekki árstímabundið eins og raunin hefur orðið.

Þessar breytingar eru liður í uppgjöri Akureyrardeildar við einangrunarhyggjuna, liður í að færa starf okkar meira til verkafólksins en verið hefur.

Akureyrardeild KSML

Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoðanaskipti Skoð

Hvað vill EIK(ml)?

Nýlega birtist viðtal við Ara T. Guðmundsson, form. EIK(m-l), í Klassekampen, málgagni AKP (m-l) í Noregi. Viðtalið fjallar um baráttuna gegn NATO og árásir breta gegn íslenskum hagsmunum. En þó að allir framsæknir menn geti viðurkennt að nauðsynlegt sé að afla víðtæks stuðnings við þessa baráttu, þá hljóta þeir sömu að vera sammála um að það sé nauðsynlegt fyrir þau öfl sem geta sameinast hér á landi í baráttunni - að sameinast.

En það sjónarmið virðist ekki ráða ríkjum hjá ATG - hann notar þetta tækifæri til þess að ráðast gegn þeim sem tóku þátt í að loka Keflavíkurherstöðinni 13. mars sl. Og það vopn sem hann notar eru rangfærslur! Við birtum hér nokkra kafla úr þessu viðtali:

"Næstu helgi er áætluð kröftug aðgerð sem margir flokkar taka þátt í (tverrpolitisk), bæði í Reykjavík og meðfram suðvesturströnd Íslands, segir Guðmundsson.

-Allir vegir að öllum NATO-stöðvum í gjörvöllu landinu munu verða lokaðir í a.m.k. tvo sólarhringa, þetta á einnig við um flugstöðina í Keflavík.

Enn sem komið er er skipulag aðgerðanna nokkuð laust í reipunum, og við (undirstr.Stb) vinnum kröftuglega að því að veita þessari baráttu leiðsögn og skipulag sem sé fært um að leiða hana framávið. En aðgerðin hefur meira að segja hlotið stuðning frá flokki endurskoðunarsinnanna og "vinstri" hentistefnuhópnum KFML (hér mun vera átt við KSML), þó svo að þessir aðilar kjósi helst að starfa með hinum hreinborgaralegu (flokkum -/innsk. okkar)."

Ennfremur segir Ari: "Við (okkar undirstr./Stb) í EIK(m-l) erum núna í fararbroddi til þess að stofna liðsmannasamtök, samfylkingu sem mun vinna að því að losa Ísland úr viðjum heimsvaldastefnunnar." "Þar sem við (undirstr. Stb) skipuleggjum alþýðubaráttu og eftirlátum ekki þinginu (parlementariske organ) baráttuna, er ég viss um að íslensk alþýða geti nú losað sig við NATO."


KLASSEKAMPEN POSTBOKS 2046, GRUNERLØKKA, OSLO 5

FORMANNEN I EIK(m-l) PÅ ISLAND:

—No er det stemning for å kaste NATO ut av landet

— Dersom vi organiserer for folkeleg kamp og ikkje overlet den politiske kampen til parlamentariske organ, er eg viss på at det islandske folket no kan få til eit brot med NATO. Stemninga mot NATO veks frå dag til dag på Island, dei folkelege aksjonane mot NATO-anlegga vert meir og meir militante og aukar i omfang. Det er slutt på tolmodet no.

Det er formannen i den marxist-leninistiske organisasjonen EIK(m-l) på Island, Ari T. Gudmundsson, som seier dette til Klassekampen etter hendingane på Island dei siste dagane.

— Til kommande helg er det planar om slagkraftige, tverrpolitiske aksjonar både i Reykjavik og langs sørvest-kysten av Island, fortel Gudmundsson.

— Alle vegar til alle NATO-anlegg i heile landet vil bli sperra av i minst eitpar døgn, det gjeld og flyplassen på Keflavik.

Førebels er aksjonen noko laust organisert, og vi arbeider hardt for å gje denne kampen ei leiing og organisering som kan føre han framover. Men aksjonen har tilmed støtte frå revisjonistpartiet og den »venstre«-opportunistiske gruppa KFML, sjølv om desse folka helst jobbar saman med dei borgarlege.

FISKARAR OG ARBEIDARAR I SPISSEN

— Det vil eg kalle blank løgn. Det er ein myte at det islandske folket er NATO-venleg, og motviljen aukar ettersom NATO no syner sitt sanne andlet: Dei er her berre av omsyn til seg sjølv og sine eigne tryggingsinteressar, ikkje for å gje det islandske folket hjelp eller støtte. Og ein namngjeten underskriftskampanje som var sett i verk for NATO og Keflavik-basen i 1972 der ein stor del av det islandske folket skreiv under etter press m.a. frå arbeidskjøparane, syner seg no klårare og klårare som ein bløff og eit falskt propaganda-nummer.

NATO-VENLEG HOGRE-REGJERING

Korleis ser regjeringa Hallgrimsson på eit mogleg brot med NATO?

— Hogre-regjeringa på Island er særs NATO-venleg, og vil bryte med NATO sist av alle. Det skulle mykje til at ho braut med Storbritannia og, sjølv om det var eit mykje sterkare folkekrav. Nei, vi kan ikkje lite på regjeringa og parlamentarisk arbeid i kampen mot NATO og annan imperialisme. Vi i EIK(m-l) går no i brodden for å skipe ei aktivistrørsle, ein front som skal arbeide for å frigjere Island frå imperialismen. Revisjonistane i Folkealliansen vel satse alt på parlamentarisk arbeid, samstundes som dei nyttar NATO-motstanden til propagandere for Sovjet.

Vi går mot begge supermaktene, og det islandske folket har ikkje gløymt at Sovjet gjekk mot den siste fiskerigrenseutvidinga vår sist sumar.

ROVFISKET HELD FRA[M]

STØTTE NAUD[...] IKKJE -MEKL[...]

Við látum þetta nægja úr viðtalinu, þótt ýmislegt annað sé athugavert við það. En hvað sýnir þetta sýnishorn?

Það er aðallega tvennt: að formaður EIK(m-l) veður reyk og miklar mjög fyrir lesendum Klassekampen það hlutverk sem samtök hans leika í íslenskri stéttabaráttu - og að hann hikar ekki við að rangfæra staðreyndir til þess að gefa sjálfum sér hinn nauðsynlega ljóma. Þær staðreyndir sem ATG þegir yfir eru þær að EIK(m-l) stóð aldrei í ströngu við undirbúning aðgerðanna 13. mars, hvað þá að þeir stæðu í fararbroddi eins og sagt er í greininni. Það voru félagar KSML og Alþýðubandalagsins á Suðurnesjum sem áttu frumkvæðið og skipulögðu þessa aðgerð, þáttur EIK(m-l) var all smár hvað það varðaði.

"Norsku dagblöðin segja að aðgerðirnar séu framkvæmdar af vonsviknum NATO-sinnum." Þarna er greinilega átt við aðgerðir útgerðarmanna sem höfðu verið framkvæmdar nokkru áður. En í "Klassekampen" kallar ATG þetta hreinustu lygi.

Þótt það sé frekar hjákátlegt að þurfa að reka þetta bull til baka, þá er það samt sem áður nauðsynlegt þar sem þeir aðilar sem Ari T. er að "upplýsa" hafa treyst honum og hann síðan misnotað þetta traust. En hvað með fullyrðinguna um að endurskoðunarsinnarnir (hér er átt við Alþýðubandalagið) og "vinstri"hentistefnumennirnir í KSML kjósi yfirleitt að starfa með borgaralegum flokkum?

Í fyrsta lagi þá er Alþýðubandalagið borgaralegur verkalýðsflokkur og starfar því ekki aðeins með borgaralegum flokkum - það byggir sjálft allt sitt starf á borgaralegum grunni. Í öðru lagi þá hafa KSML aldrei átt samvinnu við Alþýðubandalagið og önnur borgaraleg öfl (FUJ-FUF-SFV-FBK) ein sér - í öll skiptin hefur EIK(m-l) verið með í þeim samfylkingum.

Það sem vekur athygli varðandi afstöðu ATG er sú vangeta hans til þess að gera greinarmun á alþýðubandalagsforystunni og mörgum venjulegum fylgjendum þess flokks. Þeir sem stóðu fyrir aðgerðunum 13. mars af hálfu AB voru félagar úr Suðurnesjadeild flokksins. Flokksforystan var fremur mótfallin aðgerðinni og forysta Reykjavíkurdeildarinnar felldi tillögu um að lýsa yfir stuðningi við aðgerðina. En ATG spyrðir allt saman í tilraunum til að gera hlut EIK (m-l) sem mestan. Einn þátt aðgerðanna minnist hann ekki á - þ.e. þátt Fylkingarinnar. Í stað þess að segja sannleikann um þann þátt, kýs ATG að ljúga um þátt KSML.

Menn gerast nú þreyttir á þessari sjálfumgleði EIK(m-l) - hroki þeirra og einangrunarhyggja birtist með ýmsu móti:

- Þeir klufu sig út úr Rauðri æsku og gera nú árásir á þau samtök.
- Þeir gerðu óheiðarlegar árásir á Landhelgisnefndina og var kastað út þaðan.
- Þeir láta líta svo út (það hefur komið fram í Klassekampen) að þeir og aðeins þeir hafi tekið upp baráttu gegn sósíalheimsvaldastefnunni.
- Í stað þess að starfa með KSML að flokksbyggingunni hafa þeir kosið að berjast gegn henni.
- Þeir slá sér á brjóst erlendis og þykjast leiða margs konar baráttu án þess að svo sé.
- Þeir hafa reynt að kljúfa KSML og reynt að sá sundurþykkju milli Akureyrardeildar KSML og annarra hluta samtakanna.
- Þeir gáfu út bækling þar sem því var lýst yfir að KSML væru trotskísk samtök sem bæri að brjóta niður (þeir mega þó eiga það að þeir drógu þennan bækling síðar til baka).
- Þeir lugu því í Verkal.blaðinu að KSML hafi ekki stutt aðgerðir grindvíkinga.
- Þeir lugu því að miðstjórn KSML hafi vísvitandi falsað þau bréf sem fóru á milli miðstjórna EIK(m-l) og KSML, en þau voru birt í Rauða fánanum.

Það fer nú að verða lítið eftir af einingarstarfi "Einingarsamtakanna", Stéttabaráttan krefst þess að EIK(m-l) fordæmi rangfærslur Ara T. Guðmundssonar sem sýnt hefur verið fram á í þessari grein. Ennfremur skorum við á félaga EIK(m-l) að gera upp við þessar starfsaðferðir og ganga heiðarlega til samstarfs við KSML í baráttunni fyrir stofnun kommúnísks flokks á Íslandi.

Baráttu-eining 1. maí

Fulltrúar frá eftirfarandi samtökum hafa komið sér saman um að bjóða til samfylkingar á 1. maí á eftirfarandi grundvelli. Nafn aðgerðanna er "Baráttueining 1. maí."

Markmið aðgerðanna er að safna öllum andstæðingum stéttasamvinnu, heimsvaldastefnu og afturhalds í eina aðgerð 1. maí.

Samtökin hafa orðið ásátt um að höfuðkjörorð "Baráttueiningar 1. maí" verði: Eining og starf á grundvelli stéttabaráttu.

Gangan verður í fjórum deildum og eru aðalkjörorð fyrir hverri deild. Sérkröfur hópa, einstaklinga og samtaka eru heimilar, stangist þær ekki á við höfuðkjörorð göngunnar og höfuðkjörorð viðkomandi deildar. Samstarfsnefnd allra aðildarsamtaka tekur afstöðu til allra sérkrafna. Samtök, hópar og einstaklingar þurfa aðeins að taka afstöðu til þeirrar deildar, sem viðkomandi tekur þátt í, ekki annarra deilda. Aðilar þurfa ekki að taka afstöðu til aukakjörorða í þeirri deild, sem þeir taka þátt í, aðeins aðalkjörorða deildarinnar og höfuðkjörorða göngunnar.

EIK(m-l), KSML, Rauð æska, SÍNE, BSV, Skólafélag kennaraháskólans, Palestínunefndin, Hópur verkamanna í Straumsvík, Verðandi.

Deildirnar verða þessar:

A. Fagleg deild. Kjörorð.

Aðalkjörorð:
Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.
Verkalýður gegn atvinnurekendum - Stétt gegn stétt.
Gegn stéttasamvinnu ASÍ - gerum stéttarfélögin að baráttutækjum.

Önnur kjörorð:
Stöndum vörð um samninga og verkfallsréttinn.
Verkfallsrétt fyrir opinbera starfsmenn.
Samningana til félaganna.
Fullar vísitölubætur á laun.
Gegn kreppuuppsögnum - trygga atvinnu.
Skattlaus þurftarlaun - skattleggið auðvaldið.
Jafnrétti til náms.
Engan söluskatt af nauðsynjum.
Atvinnurekendur burt úr stjórnum lífeyrissjóðanna.
(að auki kröfur varðandi æskulýðsmál).

B. Andheimsvaldasinnuð deild. Kjörorð.

Aðalkjörorð:
Niður með alla heimsvaldastefnu.

Önnur kjörorð:
Ísland úr NATO - herinn burt.
Verndum sjálfsákvörðunarréttinn.
Gegn allri rányrkju - enga samninga.
Full yfirráð yfir 200 mílunum.
Gegn erlendri stóriðju.
Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, USA og Sovét.
Styðjum baráttu andfasista um allan heim.
Fullur stuðningur við þjóðfrelsisöfl heimsins.
(að auki kröfur til stuðnings palestínskri alþýðu, alþýðu Indókína og andfasistum á Spáni, Portúgal, Chile o.s.frv. Við þessar kröfur bætist jafnframt kröfur um baráttuna gegn bresk bandarískri menningardrottnun á Íslandi.)

C. Kvennabaráttudeild. Kjörorð.

Aðalkjörorð:
Kvennabarátta er stéttarbarátta

Önnur kjörorð:
Jafnrétti til starfs og launa.
Trygga atvinnu kvenna.
Byggjum samfylkingu vinnandi kvenna.
(að auki krafa um raunverulega kauptryggingu kvenna í fiskiðnaði.)

D. Pólitísk deild. Kjörorð.

Aðalkjörorð:
Til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi.

Önnur kjörorð:
Fjöldabarátta í stað þingræðisbaráttu.
Aflið sem sigrar - bandalag verkalýðs og smábænda.
Verjum lýðréttindi - gegn starfsemi fasista.
Samstaða - námsfólk - vinnandi alþýða.

Á vegum þessara samtaka og þeirra sem munu væntanlega bætast við verður ganga og innifundur (líklega í Háskólabíói). Fjöldi úrvalsskemmtikrafta er flytja baráttusöngva og leikrit hafa þegar hafið undirbúning að þátttöku.

Mörg félagasamtök eru nú að ræða grundvöll aðgerðanna og eiga eftir að ákveða þátttöku.

Fylkingin í þjónustu stéttsvikaranna

Fylkingin (FBK) hefur nú sýnt dálítið af sínum rétta lit. Í samfylkingartilboði FBK fyrir 1. maí í ár (sem var sent til fjölmargra, þ.á.m. Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins) lýsa trottarnir þeirri skoðun sinni að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið séu verkalýðs flokkar. Þeir eru meira að segja nefndir "stærstu verkalýðsflokkarnir." Þessi skoðun trottanna er í fullkomnu samræmi við eigið gagnbyltingareðli Fylkingarinnar - þeir reyna að læða því inn hjá verkafólki að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið séu flokkar verkalýðsins, betri þjónustu getur Fylkingin ekki veitt auðvaldinu.

Á hverju skyldu trottarnir byggja þessa skilgreiningu á Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu? Hér eru nokkrar tilgátur:

1. Vegna þess að þessir flokkar segjast styðja verkalýðinn.
2. Vegna þess að nokkur fjöldi verkamanna kýs þá.
3. Vegna þess að starf og stefna flokkanna tekur af öll tvímæli - og sýnir og sannar að skilgreining Fylkingarinnar er rétt.
4. Vegna skyldleika kratismans og endurskoðunarstefnunnar við trotskismann.

Nú mega lesendur gjarnan skemmta sér við að merkja við líklegustu tilgátuna að þeirra mati. En engin verðlaun verða veitt þar sem svarið er svo augljóst. Varðandi tvær fyrstu tilgáturnar er rétt að benda á að Sjálfstæðisflokkurinn gæti talist til verkalýðsflokka ef þessi atriði væru tekin til viðmiðunar.

En hvernig sem Fylkingin snýst fyrir auðvaldið, þá er samfylkingartilboð þeirra óneitanlega all-spaugilegt. Ef áætlunin væri framkvæmd þá yrði að leita langt til að finna annan eins sirkus - en undirritaður vildi helst vera í stúkusæti, þegar Björn Arnórsson (form. FBK) og nafni hans Jónsson (forseti ASÍ) koma arkandi með borða með áletruninni "Gegn skrifræði í verkalýðshreyfingunni - gegn stéttasamvinnu." Hvað þá ef Snorri Jónsson (varaforseti ASÍ) kæmi slagandi með borða með áletrun eins og "Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku." Og ef Gylfi Þ. fengist til að koma í marsinn þá fengi hann eflaust að bera borðann, þar sem á stæði "Ísland úr NATO - herstöðvarnar burt." Hver hlutverk Ragnars Arnalds yrði er óvíst, en það sakar ekki að koma með þá tillögu að hann beri spjald með áletrun eins og "Til baráttu fyrir sósíalisma." (Öll vígorðin eru í tilboði FBK).

En Fylkingin hefur slegið ýmsa varnagla til að styggja ekki væntanlega samstarfsmenn sína - það segir nefnilega í tilboðinu: "Síðan ríkir skoðanafrelsi í samfylkingunni þannig að samtök geta gengið út fyrir grundvöllinn án þess þó að brjóta í bága við hann." Hvernig þetta verður framkv. er hér með eftirlátið samstarfs nefnd Fylkingarinnar og Alþýðu bandalagsins.

En nóg um lágmarksgrundvöllinn - undirritaður túlkar hann þannig að í rauninni er hann byggður á því að menn hafi léreft, prik og málningu. Síðan er frjálst að klína hverju sem er (næstumþví) á léreftið. Eina skilyrðið, sem er ófrávíkjanlegt, er að menn skulu labba niður Laugaveginn.

Það er von margra að þessi ráðagerð Fylkingarinnar renni ekki út í sandinn eins og svo margt annað sem þeir af stórhug hafa ætlað sér að gera.

-/gorgeir

Framhald af blaðsíðu 2

Um vikublaðið

ýmsum málum. Gildi blaðsins sem tækis til að byggja og styrkja kommúnistaflokkinn margfaldast, möguleikar þess til að fræða stéttvísasta hluta öreigastéttarinnar aukast, því miklu meira rúm verður til þess að fjalla um fræðikenningu marxismans-lenínismans.

Í stuttu máli má segja að vikublaðið verði mörgum sinnum öflugra vopn til þess að byggja flokkinn og efla baráttu öreigastéttarinnar.

Sú barátta sem við verðum að heyja til þess að koma vikublaðinu á legg er í eðli sínu stéttabarátta. Þær hindranir sem á veginum eru, s.s. einangrunarstefna, ökónómismi og viðvaningsháttur eiga sér stéttarlegan bakgrunn. Þannig eru þær afsprengi borgaralegrar afstöðu. Baráttan fyrir uppbyggingu vikublaðsins - hvernig sem hún birtist, jafnvel í hinum smæstu framkvæmdum - er stéttabarátta, gegn endurskoðunarstefnu og heimsvaldastefnu.

Í ljósi þessa beinum við þeirri áskorun til allra þeirra sem vilja styðja og styrkja Stéttabaráttuna að hefja þátttöku í þessari baráttu. Þátttakan getur verið í margs konar formi, t.d. að skrifa í blaðið, að afla blaðinu nýrra áskrifenda, að selja blaðið á vinnustað og víðar, að reka stöðugan áróður fyrir mikilvægi blaðsins meðal verkalýðsins.

Að endingu beinum við þeirri áskorun til allra félaga og deilda KSML að skipuleggja nú þegar starf sitt með það í huga að koma betur að liði við uppbyggingu Stéttabaráttunnar sem vikublaðs. Setjumst öll undir árar!

BYGGJUM UPP STÉTTABARÁTTUNA - SKREF FYRIR SKREF!

Ritstjórn.

Kastljós

Það var erfitt að verjast hlátri fyrir framan sjónvarpið að kvöldi 19. mars sl. Í þættinum Kastljós sátu þeir Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason og ræddu vandamál verkalýðshreyfingarinnar. Í stað þess að koma að kjarna vandamála verkalýðsins í dag, sem er auðvitað tilvist flokka eins og Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, þá höguðu þeir sér eins og gamalt par í tilhugalífinu. Gylfi var óspar á skjallið til handa Lúlla, en Lúlli sat og virtist ekki vera viss um hvernig bæri að taka hóli Gylfa.

Yfirlýsingar Gylfa sem aðallega fjölluðu um það hversu alþýðubandalagsforystan hefði nú nálgast Alþýðuflokkinn væri nú loks viðræðuhæf, virtust fara dálítið í taugarnar á Lúlla, enda slæmt fyrir hann að fá slík meðmæli frá Gylfa fyrir framan alþjóð. En það sem þessir kumpánar voru sammála um, var það að nú yrði að fara að gefa "alþýðuvöldum" meiri

Frh. á bls. 4

Gylfi krati Gíslason

Áskrifta-herferðin

Áskriftaherferðin er nú að komast á skrið. Markið sem þarf að fylla er 2oo nýir áskrifendur. Svo sem sjá má af súluritinu eru nú komnir inn 55 upp í það mark. Nú þurfa allir að taka þátt í áskriftasöfnuninni og efla hana til muna svo að 100% markið náist sem fyrst. Senda má áskriftir til Stb. pósthólf 1357, eða borga inn á gíró nr. 27810.

Svæði	Kvóti	
Akureyri	25	4
Egilsstaðir	5	
Hafnarfjörður	10	1
Húsavík	5	
Keflavík	10	1
Kópavogur	12	3
Neskaupstaður	7	2
Reykjavík	80	25
Suðurland	15	6
Vesturland	10	4
Norðurland	5	2
Austurland	10	3
Útlönd	6	4
Í heild	200	55

50% 100%

1976 7.tbl.

Er sameining KSML og EIKml forsenda flokkstofnunar

Sumir félagar álíta, að sameining KSML og EIKm-l sé forsenda flokksstofnunar. Með því er sagt, að hvor samtökin um sig séu ómegnug þess verkefnis sem þau hafa bæði sett sér og að án sameininga muni flokksstofnunin aðeins vera nafnbreyting. Við skulum hyggja nánar að þessum skoðun um.

Er sameining forsenda flokksins?

Marxíska-leníníska hreyfingin um allan heim á í harðri baráttu gegn þeirri sundrungu og hvarflanda, sem nútíma endurskoðunarstefnan skapaði með valdatöku sinni í Sovétríkjunum Þetta fyrirbæri er á engan hátt sér-íslenskt, né heldur ævarandi. Það er alþjóðle[gt] og varir aðeins meðan marxíska-leníníska hreyfingin er að rétta úr sér aftur eftir það áfall,sem svik sovésku endurskoðunarsinnanna veitti henni. Þess vegna er mikilvægt, að raunverulegir marxistar-lenínistar fylgi óhikað kenningum Maó formanns og sækist eftir einingu en ekki sundrungu, ástundi marxisma-lenínisma en ekki endurskoðunarstefnu og séu heiðarlegir og opinskáir en hafni baktjaldamakki og rógi. Stefna KSML fyrir flokksstofnunina byggir einmitt á þessari afstöðu. Við höfum opinskátt leitað eftir sameiningu við EIKm-l og henni hefur verið hafnað á ýmsum forsendum. Við höfum barist gegn endurskoðunarstefnu í eigin starfi og utan KSML og gert okkur far um að leiðrétta starfsstíl okkar og stefnu til samræmis við marxismann-lenínismann. Og í þessu starfi okkar höfum við leitast við að vera heiðarleg og opinská og hafnað baktjaldamakki og rógi. En hvernig horfir þetta við EIKm-l? Þessi samtök hafa hafnað sameiningu á þeim forsendum að KSML séu endurskoðunarsinnar, að ákvörðunin um dagsetningu stofnþingsins hafi verið einhliða af hálfu KSML, að fyrst þurfi að skapa einingu í starfi, fræðum og skipulagi, að fyrst verði að efla landfræðilega dreifingu marxismans-lenínismans á Íslandi, að stéttasamsetningin verði að vera betri o.s.frv. o.s.frv. í það óendanlega. Öll hugsanleg rök hafa verið týnd til, til þess að hindra sameiningu. Þetta er afstaða EIKm-l og til að kóróna allt saman, hafa þessi samtök látið hafa eftir sér, að þau hyggist stofna annan flokk, við hliðina á og gegn KFÍ. EIKm-l hefur vissulega gert upp við endurskoðunarsinnaða afstöðu sína til vissra mála, en þau hafa ekki rétta afstöðu til flokksins ennþá. Þeir sem sundra marxísku-lenínísku hreyfingunni og nota til þess hvaða aðferðir sem vera skal - jafnvel óþvegnar lygar og falsanir - geta ekki talist hafa losað sig við þetta einkenni endurskoðunarstefnunnar, sundrungarhyggjuna og smáhópatilveruna. Hvað varðar heiðarleika EIKm-l gagnvart KSML, nægir að benda á lygar Verkalýðsblaðsins og árásir EIKm-l á Rauða æsku. En ef EIKm-l fylgdi kenningum Maós um opinskáa og heiðarlega gagnrýni, myndu þau þá sverta niður ungkommúnistana, myndu þau þá ljúga því um Rauðu stjörnuna, að hún væri útbreiðslumiðstöð endurskoðunarstefnunnar? Eða myndi Ari Trausti, formaður EIKm-l, ljúga því í erlend blöð, að EIKm-l væri forystuafl víðtækrar fjöldahreyfingar og að KSML starfaði helst með opnum borgaralegum öflum? Nei, slíkar starfsaðferðir eru hvorki heiðarlegar né opinskáar. Þær eru þvert á móti baktjaldamakk og rógur, þær eru niðurrifsstar[f]semi af verstu gerð. Getur verið að eining þessara samtaka, sé forsenda flokksins? Getur verið að KSML þurfi að sameinast sundrungarafli, niðurrifsafli og einangrunarsinnum til þess að stofna flokkinn? Nei, það er einmitt gegn þessu sem við berjumst og ef þessi einkenni EIKm-l verða ofan á í öllu starfi samtakanna er eining óhugsandi af hálfu KSML. Tíminn mun leiða það í ljós.

Stofnun KFÍ markar nýtt stig í stéttabaráttunni

Félagar KSML sem álíta að sameining sé forsenda flokksstofnunar, ættu að rifja það upp fyrir sér, að þegar KSML vakti máls á stofnun flokks í sept. sl. var EIKm-l slíku mótfallin og áleit þá að stofna bæri samtök en ekki flokk. Þeim væri hollt að minnast þess, að barátta KSML fyrir stofnun flokksins, þótt það yrði á eigin spýtur, hefur verið leiðandi afl í spurningunni um flokksbygginguna. Ef þessarar baráttu okkar hefði ekki notið við, hefði málið verið í sömu sporum og var í september. Hefði KSML farið að ráði EIKm-l og frestað flokksstofnun og snúið sér að fræðilegum vangaveltum um skilyrðin fyrir stofnun flokksins, hefði íslensk verkalýðsstétt ekki eignast forystuafl um nána framtíð.

Lofum EIKm-l að lötra á eftir okkur í baráttunni, og látum sem við heyrum ekki nöldrið frá þeim um að KSML séu einræðisleg, flokkurinn verði pappírsflokkur, KSML verði að afneita tilveru sinni o.s.frv. o.s.frv. Þetta nöldur gerir okkur ekkert, svo lengi sem við látum það ekki draga athyglina frá verkefnum okkar og skyldum við verkalýðsstéttina.

Flokkurinn verður engan veginn pappírsflokkur, þó svo að EIKm-l verði skilin eftir í umkomuleysi. Kommúnistaflokkurinn verður sögulegur sigur yfir endurskoðunarstefnunni og stofnun hans mun marka nýtt stig í byltingarbaráttu íslensks verkalýðs. -/KG

Sameiginleg yfirlýsing miðstjórna KSML og EIKm-l

I.

Síðan endurskoðunarsinnaklíka Krúsjeffs hrifsaði völdin í Sovétríkjunum og braut á bak aftur sósíalismann þar, hefur heimsástandið gerbreyst.

Við hlið hnignandi heimsvaldastefnu Bandaríkjanna hefur nýtt heimsveldi myndast. Það seilist nú eftir heimsyfirráðum Nýja heimsveldið er ungt að árum og gráðugt - það kúgar þjóðir A-Evrópu og heldur fjölmörgum löndum þriðja heimsins í arðránsklóm sínum. Í hvert sinn sem bandarískir heimsvaldasinnar hopa á hæli, reyna Sovétríkin að efla ítök sín eða yfirráð, undir yfirskini "sósíalisma".

Sovétríkin eru nú ríki sósíalheimsvaldastefnu og fasisma. En jafnhliða framvexti sovésku heimsvaldastefnunnar og hnignunar þeirrar bandarísku, hefur þjóðfrelsis- og byltingarbaráttu alþýðunnar vaxið fiskur um hrygg, enda skapar upplausn og glundroði heimsvaldastefnunnar, henni hagkvæmt ástand. Byltingin er höfuðhreyfingin í heiminum nú á tímum. Spjótsodda hennar er fyrst og fremst að finna í löndum þriðja heimsins.

Samkeppni risaveldanna - Sovétríkjanna og Bandaríkjanna - hefur leitt til mikillar styrjaldarhættu. Sovétríkin eru í sókn og stafar því nú meiri hætta af þeim. En milli risaveldanna ríkir ekki aðeins barátta og vígbúnaðarkapphlaup, heldur einnig samvinna gegn alþýðu heimsins og baráttu hennar. Hún er hins vegar tímabundin og víkjandi fyrir innbyrðis baráttu risaveldanna.

Andstæður í heiminum eru afar miklar. Bæði eru ósættanlegar andstæður milli kúgaðra og kúgaranna í sérhverju landi og eins milli sósíalísku ríkjanna og kúgaðra þjóða annars vegar og allrar heimsvaldastefnu hins vegar. Tilvist slíkra andstæðna og þróun þeirra, mun óhjákvæmilega leiða til byltingar. Mikil hætta er á styrjöld. Hið eina sem getur komið í veg fyrir hana er byltingarbarátta verkalýðsins og alþýðunnar. Verði styrjöld mun hún leiða til byltingar.

II.

Efnaleg og stjórnmálaleg kreppa dýpkar nú óðum á Íslandi. Í kjölfar hennar harðnar stéttabaráttan. Samtímis verða árásir heimsvaldastefnunnar og risaveldanna á sjálfsákvörðunarrétt og sjálfræði Íslands æ harkalegri.

Á Íslandi er auðvaldsþjóðfélagið löngu komið á síðasta skeið sitt - skeið heimsvaldastefnu og ríkiseinokunar. Einokunarauðvaldið herðir sem óðast undirokunina og reynir með öllum ráðum að velta byrðum kreppunnar yfir á vinnandi fólk. Lífskjör eru stórlega skert, en borgaralegu flokkarnir, að Alþýðubandalaginu meðtöldu, eru sem ávallt fyrr allsendis ófærir um að vekja, efla og leiða baráttu verkalýðs og vinnandi alþýðu. Enginn flokkanna ver heldur fjöldann fyrir ásælni hins erlenda auðvalds - þeir efla allir ríkisvald auðvaldsins og arðránskerfið. Einokunarauðvaldið nær að svíkja hagsmuni alþýðunnar fyrir sinn hámarksgróða og það selur sjálfsákvörðunarréttinn hvert sinn sem hagur þess krefst. Þetta á við um aðildina að NATO, landhelgismálið og framkomu íslenskra fulltrúa á alþjóðavettvangi.

Í skjóli einokunarauðvaldsins og borgaraflokkanna, spretta upp mismunandi "róttækar" endurskoðunarstefnur, til hægri eða "vinstri" eða þá ómengaður fasismi. Þetta spannar allt frá nasistaáróðri blaðsins "Staðreyndir", til trotskisma og róttæks orðagjálfurs Fylkingarinnar.

III.

Ofangreind þróun, innanlands og utan, er hröð. Eina svar verkalýðsins og vinnandi alþýðu við henni er sameining fjöldans á grundvelli stéttabaráttu gegn einokunarauðvaldinu, öðrum atvinnurekendum, ríkinu og hvers kyns afturhaldi, innlendu sem erlendu.

Verkalýðsstéttin er eina forystuaflið, sem leitt getur íslenska alþýðu út úr ógöngum auðvaldsskipulagsins og tryggt henni farsæla framtíð og sjálfsákvörðun í sósíalískri byltingu og við uppbyggingu sósíalismans. En forysta verkalýðsins er nú í höndum endurskoðunarsinna og stéttasamvinnumanna. Hún hefur fyrir löngu svikið lífshagsmuni stéttarinnar og gengið á mála hjá burgeisunum. Sú staðreynd að Alþýðubandalagið þjónar beint eða óbeint hagsmunum ríkjandi stéttar og að flokkurinn hefur gert þingræðisbaráttuna að aðalatriði en kastað fjöldabaráttunni fyrir róða, merkir einfaldlega að nýs forystuafls er þörf. Slíkt forystuafl framsækinna afla er marxískur-lenínískur kommúnistaflokkur. Flokkurinn berst gegn endurskoðunarstefnunni, sameinar íslenska marxista- lenínista og berst með fjöldanum fyrir fjöldann.

Með þetta fyrir augum hafa KSML og EIKm-l hafið skipulegar umræður samtaka á milli og samvinnu í afmörkuðum baráttumálum. Milli samtakanna eru andstæður, bæði í meiri- og minniháttar atriðum, en nokkru hefur þó skilað áleiðis síðustu mánuði.

En opinskáar viðræður og samvinna á grundvelli jafnréttis og marxisma-lenínisma er eina færa leiðin til að yfirvinna andstæðurnar. Íslenskir marxistar-lenínistar geta ekki haft neina aðra hagsmuni en verkalýðsstéttin. Hagsmunir hennar eru ótvírætt eining kommúnista og smíði kommúnistaflokks. Stofnun og uppbygging kommúnistaflokks er mikilvægasta verkefni marxista-lenínista nú í dag. Miðstjórnir KSML og EIKm-l lýsa yfir vilja samtaka sinna til raunverulegrar sameiningar marxista-lenínista og skora á allt baráttufúst fólk að efla þá viðleitni sem nú er ljós.

Gunnar Andrésson Formaður Miðstjórnar KSML.
Ari Trausti Guðmundsson Formaður Miðstjórnar EIKm-l.

Sameining marx-leninista skilyrði fyrir stofnun KFI

Það þarf víst ekki að segja nein um félaga KSML það að leyfum einangrunarhyggjunnar hefur ekki verið útrýmt úr samtökunum. Enn eru fyrir hendi ýmsar starfsaðferðir sem rót eiga að rekja til einangrunarhyggjunnar. Og þær starfsaðferðir eiga sér stað fyrst og fremst í grunneiningum samtakanna, sellunum. Og þar sem grunneiningarnar eru sýktar af þessum hættulega sjúkdómi sem einangrunarhyggjan er, þá leiðir það af sjálfu sér að öll samtökin eru gegnum sýrð af einangrunarhyggjunni. Einangrunarsinnað starf sellanna felst meðal annars í æðisgengnu starfi án tilrauna til að tengjast vinnandi fjöldanum nóg. Vöxtur samtakanna staðnar einnig af sömu orsökum.

Menn hafa verið að velta því fyrir sér af hverju þessi stöðnun stafaði, ekki komið auga á einangrunarsinnað starfið, en komið þess í stað með flokksstofnun sem lausn.

Þó svo að flokksstofnunin leysi stöðnunina í bili þá er þar um skammtímalausn að ræða ef einangrunarsinnuðu starfi er haldið áfram. Við getum ekki slegið vandamálum starfsins á frest með stofnun kommúnistaflokks. Flokksstofnunin er of mikilvægt skref fyrir verkalýðsstéttina til að við getum notað okkur það í eigingjörnum "samtakahugsunarhætti."

Nú starfa tvenn marx-lenínísk samtök í landinu og bæði stefna að flokksstofnun. En á báðum þessum samtökum eru vankantar; KSML hrjáist af einangrunarhyggju og EIK(m-l) af alvarlegri hægri-hentistefnu Bæði samtökin eru marx-lenínísk þó að þau geri villur í starfinu.

Kommúnistaflokkur Íslands verður við stofnun að innihalda alla marx-lenínista. Það næst lítið ef flokkurinn er stofnaður af aðeins öðrum samtökunum, eftir sem áður yrði sundrung marx-lenínista fyrir hendi. Þessi sundrung hefur orðið marx-lenínísku hreyfingunni til stærri skaða en starfrænar villur KSML og EIK(m-l). Ef marx-lenínistar sameinuðust yrði kraftur marx-lenínísku hreyfingarinnar fólginn í meiru en fleiri félögum í einum samtökum. Það eitt að sundrungin yrði úr sögunni margfaldar kraftana.

framhald hinummegin

Um lög og reglugerð flokksins

Lög og reglugerð flokksins skiptast í raun réttri í tvo þætti: Í fyrsta lagi reglur um aðild félaga, skyldur þeirra og réttindi í öðru lagi skipulagsreglur sem annars vegar skilgreina lýðræðislega miðstjórnaraflið og hins vegar sjálft skipulag flokksins á öllum stigum.

En lögin og reglugerðin eru ekkert kerfi, sem flokkurinn er felldur í og þess vegna rúma þau ekki landfræðilegan mismun á samtökum flokksins, sellum eða starfi. Reglugerðin skapar aðeins grundvöll undir starfið, leggur aðeins fram þá meginstefnu, sem fylgja verður í skipulagsmálum.

Hún slær föstum reglunum sem fylgja verður við innval nýrra félaga, setur þeim ákveðnar skyldur á herðar og veitir þeim viss réttindi. Ennfremur rúmar hún ákvæði sem beita þar ef um agabrot er að ræða. Þá slær reglugerðin föstu um skipulagsgrundvöll flokksins - lýðræðislega miðstjórnaraflið - og segir til um rétt og skyldur eininga flokksins, allt frá þingi, miðstjórn og flokkssamtökum (deildum), niður í grunneiningarnar (sellurnar).

Reglur um aðild félaga

1. grein félagareglanna segir til um hver sé félagi flokksins og hver ekki. Um þetta stóðu miklar deilur í bolsévíkaflokknum á sínum tíma, þegar Lenín setti fram grundvallarregluna að sá sem 1) viðurkennir stefnuskrá flokksins, 2) starfar innan einhverrar einingar hans og 3) greiðir reglulega félagagjöld, skuli teljast fullgildur félagi flokksins. Þessari meginreglu verðum við að fylgja. Umsóknir félaga verða að vera einstaklingsbundnar og endanlegt úrskurðarvald verður að liggja í höndum miðstjórnar. Til þess að umsókn verði samþykkt þarf nýi félaginn að hafa starfað ákveðinn reynslutíma og fengið meðmæli minnst tveggja fullgildra félaga flokksins.

Skyldur félaganna felast í námi og starfi og tengslum þessara tveggja atriða á réttan hátt. Þær felast líka í fjöldastarfinu og ástundun lenínísks starfsstíls. Félagarnir verða að temja sér gagnrýni og sjálfsgagnrýni og traust til verkalýðsfjöldans, því án lifandi tengsla við hann mun flokkurinn óhjákvæmilega bíða ósigur. Neysla eiturlyfja og óhófsneysla áfengis skaðar flokkinn og nafn kommúnismans og er því hvorttveggja ósamrýmanlegt félagsaðild að flokknum. Hið sama gildir um opinbera endurskoðunarstefnu eða trotskisma, geri einhver félagi sig sekan um slíkt skal honum tafarlaust vikið úr flokknum og ekki heimiluð innganga í hann framar.

Agabrot eru vandamál, sem reyna verður að leysa með skólun og gagnrýni og sjálfsgagnrýni, en sé brotið alvarlegt, þarf viðkomandi eining að grípa til agaaðgerða sem þyngjast í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins og er þyngsta refsing brottrekstur úr flokknum. Þó ber ævinlega að hafa lýðræðisleg réttindi sérhvers félaga í huga, þegar gripið er til agaaðgerða. Félagi sem gerst hefur brotlegur og telur refsinguna ósanngjarna eða telur sjálfan sig saklausan, þarf að geta skotið máli sínu til miðstjórnar og aganefndar flokksins, til endanlegs úrskurðar. Réttindi félaganna eru fullt kjörgengi og kosningaréttur innan flokksins til allra embætta, ráðstefna og þinga.

Lýðræðislega miðstjórnaraflið og einingar flokksins

Skipulagsgrundvöllur hins leníníska byltingarflokks er lýðræðislega miðstjórnaraflið. Það felst í tvennu: annars vegar sterku miðstjórnarafli, sameinuðum og meðvituðum aga allra félaga flokksins og hins vegar víðtæku lýðræði, sem byggir á reglulegri skýrslugerð allra eininga og lýðræðislegum kosningum innan flokksins. Allar hugmyndir um klíkufrelsi eða flokksbrot eru fjandsamlegar flokknum og algerlega bannaðar, enda veikja þær miðstjórnarvaldið og brjóta lýðræðið niður. Lýðræðið verður að byggja á gagnrýni og sjálfsgagnrýni og rétti félaganna til að fylgja fram skoðunum sínum innan flokksins, en ekki út á við, eftir að sameiginleg ákvörðun hefur verið tekin. Áður en ákvörðun hefur verið tekin er mikilvægt að örva og efla umræður, gagnrýni og sjálfsgagnrýni, en eftir að ákvörðun hefur verið tekin, ber öllum félögum að framfylgja henni hvort sem þeir eru sammála eða ekki. Járnagi flokksins krefst þess að félagarnir setji hagsmuni og þarfir stéttarinnar ofar eigin hagsmunum eða hugmyndum. Þess vegna hafa þeir ekki leyfi til að ganga í berhögg við sameiginlegar ákvarðanir flokksins. Við fylgjum reglu Maós: einstaklingar lúta heildarsamtökum flokksins, minnihlutinn hlítir meirihlutanum og allur flokkurinn lúti miðstjórn. Þetta er grundvallaratriðið í miðstjórnarvaldi flokksins.

Æðsta eining flokksins er að sjálfsögðu flokksþingið, en allir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi sem þingfulltrúar. Milli þinga fer miðstjórn með vald þingsins og skilar skýrslu um starf sitt til næsta þings. Landsfundur miðstjórnar velur sér síðan framkvæmdanefnd, formann og ritara. Þessi framkvæmdanefnd annast daglega starfsemi flokksins og stjórnar honum milli landsfunda. Samtök flokksins eða deildir hans skulu mynduð í borg, bæjum og úti á landsbyggðinni. Æðsta eining hennar skal vera árlegur aðalfundur og milli aðalfunda deildarstjórn sem hann kýs. Sérhver deild, aðalfundur hennar og deildarstjórn skal heyra undir miðstjórn flokksins.

Grunneiningar flokksins eru sellurnar, sem skulu myndaðar í verksmiðjum, á skipum, á skrifstofum og í verslunum, í fagfélögum og öðrum fjöldahreyfingum sem og í hverfum og á landsbyggðinni. Ennfremur skal heimilt að mynda sellur þar sem stórir hópir verkamanna eru tímabundið við vinnu, eða þar sem baráttan krefst þess sérstaklega. Sellurnar kjósa sér sína stjórn og starfssvið þeirra er á vinnustaðnum, í hverfinu, innan fjöldahreyfingarinnar eða á landsbyggðinni. Verkefni þeirra er að færa út marxismann-lenínismann, veita baráttu verkalýðsfjöldans forystu og tengjast honum í baráttunni fyrir hagsmunum hans, hvort sem er í smáu eða stóru. Þá skal sellan annast öflun nýrra félaga, skóla upp reynslufélaga og veita þeim reynslu í fræðum og starfi.

Þetta eru í stuttu máli megineinkenni eða megininnihald reglugerðarinnar sem Kommúnistaflokkur Íslands/ML þarf að eignast á stofnþingi sínu í apríl.

-/ver

Um stefnuskrána

Pólitísk flokksstefnuskrá segir til um hvaða markmið stjórnmálaflokkur hefur sett sér og hvaða leiðir hann hugsar sér að fara til að koma þeim í framkvæmd. Fyrir flokkinn hefur stefnuskráin sams konar hlutverk og áttaviti til að vísa veginn í hinni daglegu baráttu. Stefnuskrárgerðin er því firnamikilvæg. Aðeins eftir að flokkurinn hefur sameinast um eina grundvallarstefnuskrá getur hann starfað sem einn samhentur vilji. Að vísu getur stefnuskráin ekki leyst þau margvíslegu vandamál sem upp koma í dægurbaráttunni, enda er slíkt ekki hlutverk hennar. Eftir því sem flokkurinn þjálfast og eflist að reynslu kemur stefnuskráin óhjákvæmilega til með að breytast. Á hana má ekki líta sem steingerðan bókstarf heldur leiðbeiningu til starfs. En eigi að síður á stefnuskráin að geta leyst meginvandamál stjórnlistar og taktíkur flokksins.

Krafan um stefnuskrá hefur vaxið fram vegna þarfa hreyfingarinnar sjálfrar. Stefnuskrá er nauðsyn til að hægt sé að koma á raunverulegri einingu og lenínísku skipulagi. Hún verður ekki til að koma í veg fyrir umræður og skoðanaskipti innan flokksins. Hún aðeins slá föstum grundvallarskoðunum okkar um eðli, markmið og verkefni flokksins. Styrkur flokksins og eining mun haldast á þeim grundvelli þrátt fyrir skoðanamun um einstök málefni.

Við gerð stefnuskrár Kommúnistaflokks Íslands (m-l) verður það sjónarmið að liggja til grundvallar að með stefnuskránni öðlist flokkurinn grundvallarlega leiðsögu í daglegu starfi sínu, áróðri og útbreiðslu. Stefnuskráin verður að bera nafn með réttu sem stefnuskrá fyrir íslenska öreigastétt sem heyra baráttu við hinar margvíslegu birtingarmyndir íslensks kapitalisma. Ef stefnuskráin á að geta gegnt hlutverki sínu má hún hvorki vera of almenn né of fræðileg. Það er ekki á verksviði hennar að gefa fræðilega útskýringu á þeim grundvallarlögmálum sem stjórna innviðum auðvaldshagkerfisins. Slíkt ber að gefa annars staðar í málgögnum flokksins. Í stefnuskráinni á að setja fram nákvæmar staðhæfingar, einfaldar lýsingar á þeim ferlum sem einkenna ástandið hér heima og erlendis. Því ber að forðast allar málalengingar og málskrúð hvers konar.

Hafa verður hugfast að stefnuskráin er stríðsyfirlýsing íslenskrar verkalýðsstéttar og að barátta hennar er fyrst og fremst gegn íslenskri borgarastétt, við séraðstæður íslensks stéttaþjóðfélags. Til að stefnuskráin geti þjónað sem grundvöllur alls starfs flokksins verður hún að innihalda rétta lýsingu á meginstéttaafstæðunum í íslensku þjóðfélagi nútímans og benda á þá leið sem verkalýðurinn verður að fara í baráttu sinni fyrir sósíalisma og kommúnisma.

Stefnuskráin verður að taka skýrt upp forystuhlutverk öreigastéttarinnar í stéttabaráttunni og tengsl hennar við aðrar kúgaðar og arðrændar stéttir. Röng skilgreining á tengslum öreiganna við aðra "kúgaða og arðrænda alþýðu" væri grundvallarlegur feill, sem haft gæti alvarlegar afleiðingar fyrir byltingarhreyfinguna. Hafa verður að leiðarljósi kenningu Leníns í þessu atriði sem öðrum. Hún kom skýrt fram 1903 þegar hann gagnrýndi hentistefnumenn innan rússnesku byltingarhreyfingarinnar fyrir að hefja á loft "baráttu hins kúgaða og arðrænda lýðs" í stað stéttabaráttu öreigastéttarinnar. "Slík framsetning er í andstöðu við grundvallarstefnumið Alþjóðasambandsins: "Frelsun verkalýðsins verður að vera verk hans sjálfs." Sá hluti "vinnandi og arðrænds lýðs" (að mestum hluta smáeigendur) sem ekki tilheyrir öreigastéttinni, er aðeins að hluta byltingarsinnaður í baráttu sinni gegn burgeisastéttinni." (Lenin, Coll. Works 6).

Einmitt í þessu greinir stefnuskrá marxísks-lenínísks kommúnistaflokks sig frá endurskoðunarstefnunni. Hún viðurkennir skilyrðislaust forystuhlutverk verkalýðsstéttarinnar í stéttabaráttunni og hafnar tækifærissinnuðum tilhneigingum til að bræða öreigalýðinn saman við hluta smáborgarastéttarinnar. Jafnhliða þessu hlýtur kommúnísk stefnuskrá að taka upp óumflýjanlega nauðsyn bandalags verkalýðs og annarrar kúgaðrar alþýðu.

Stefnuskrá KFÍ m-l verður að samtvinna grundvallarlega baráttulínu flokksins á núverandi sögulegu tímaskeiði og langtímamarkmiðin. Baráttumál samtímans verður að skoða í ljósi þess markmiðs er allt starfið beinist að.

Það er tillaga miðstjórnar að stefnuskráinn innihaldi eftirtalda meginþætti. I. Grundvallarstefnuskrá þar sem tekin er upp þýðing kommúnistaflokksins sem forystuafls og æðsta skipulagsforms verkalýðsstéttarinnar.

Meginmarkmiðum flokksins, valdbyltingu og alræði öreiganna sé lýst svo og alþjóðahyggju öreiganna, er liggur til grundvallar allri starfsemi hans.

II. Alþjóðaástandið. Gerð sé grein fyrir höfuðmótsetningunum í heiminum í dag; kapphlaupinu milli stórveldanna um heimsyfirráð og framrás sósíalískra ríkja og landa þriðja heimsins.

III. Þróun íslenska auðvaldsins og stéttabarátta íslensks verkalýðs. Stutt skilgreining á stöðu íslenska einokunarkapitalismans og tengsl hans við alþjóðlega heimsvaldastefnu. Sýnt fram á hvert hljóti að verða eðli sósíalísku byltingarinnar á Íslandi og tengsl hennar við alþjóðlega hreyfingu verkalýðsins. Skýrð sé nauðsynin á bandalagi öreigastéttarinnar við vinnandi alþýðu.

IV. Stefnumið KFÍm-l sett fram sem meðal annars feli í sér kröfu um ósleitilega baráttu gegn hvers kyns endurskoðunarstefnu og tækifærisstefnu innan sem utan kommúnistaflokksins og öreigastéttarinnar.

V. Á grundvelli þessara sjónarmiða verði settar fram baráttukröfur Kommúnistaflokksins. A) Pólitískar kröfur almenns eðlis. B) Kröfur sem varða sérstaklega kjör verkalýðsins í dag og C) Kröfur er varða hag smábænda.

Allar verða þessar kröfur að stuðla að lokamarkmiðinu, sósíalísku valdbyltingunni og alræði öreiganna.

VI. Lokakafli stefnuskrárinnar fjalli um verkefni öreigaalræðisins á Íslandi.

-/MVS

Frá miðstjórn

II. Þing KSML/Stofnþing Kommúnistaflokks Íslands, verður sett á páskum. Þegar hafa verið kjörnir fulltrúar allra deilda og starfshópa samtakanna og eru þeir frá 8 bæjum frá öllum landshlutum. Undirbúningur þingsins að öðru leyti hefur falist í skrifun tillaga að stefnuskrá, lögum og ályktunum í ýmsum málum stéttabaráttunnar. Þessar ályktanatillögur hafa birst jafnharðan í Stéttabaráttunni og auk þess er hér á sömu síðu grein um bæði stefnuskrána og reglugerðina. Þingfulltrúar eru minntir á að hafa meðferðis þær ályktanatillögur sem birst hafa í blaðinu, auk kjörbréfa sinna. Dagskrá þingsins verður kynnt þingfulltrúum í upphafi þingsins og lögð þar fram til samþykktar. Niðurstöður þingsins munu verða gefnar út, strax að loknu þinginu.

Miðstjórn.

Skrifið í
STÉTTABARÁTTUNA

2 Athugasemdir um ályktanir

1. Teljum rétt að lokakafli greinargerðar með tillögu að ályktun um kvennaspurninguna Um hlutverk flokksins, verði innifalinn í ályktuninni, a.m.k. í samþjöppuðu formi. Hér er enda um að ræða beina starfslínu fyrir kommúnista í málefnum kvenna og kvennabaráttunni.

2. Teljum rétt að ályktun um nýlendukúgun dana í Færeyjum og á Grænlandi drepi einnig á nauðsyn baráttu gegn ítökum íslenskra einokunarhringa á efnahagslíf færeyinga, einkum SH sem selur allan færeyskan fisk sem fluttur er til Bandaríkjanna. Ef þetta er ekki tekið upp þá erum við kommúnistar í raun að beygja okkur undir þjóðrembingslega og "stóra bróðurs" afstöðu sem margir íslendingar hafa til færeyinga.

Breiðholtssella 1

framhald frá hinummegin

Sameining..

Allir marx-lenínistar telja þetta æskilegt, og ég tel að það sé meira en æskilegt, það sé nauðsynlegt.

Ef Kommúnistaflokkur Íslands er stofnaður aðeins af öðrum samtökunum, þá gæti það orðið til að viðhalda sundrungu marx-lenínista lengur en góðu hófi gegnir. Stofnun Kommúnistaflokks Íslands er eitt fyrsta skrefið í flokksbyggingunni, en við verðum að byrja á því að byggja traustan grunn. Og grunnur kommúnistaflokks er ekki traustur er í sama landi eru önnur marx-lenínísk samtök.

Sameining marx-lenínista er því skilyrði fyrir stofnun flokksins. Ég held því fram að sameining marx-lenínista verði að vera fyrsta skrefið í átt til stofnunar Kommúnistaflokks Íslands.

-/GM

Umræður fyrir II. þing KSML